

SHALDOR
skoðun 10



SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Fasteignir.is



FAST VERÐ

TAL

FRÉTTABLAÐIÐ

Þriðjudagur

26. apríl 2011
95. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

10
ÁRA
2001 - 2011

*Samkvæmt heimild: Stjórnun Genesent Cellulose umfarir - mars 2011



Styrkur fyrir HÍ

Dr. Kristín Ingólfssdóttir háskólarektor kjörin í stjórn Samtaka evrópskra háskóla.

tímamót 14

Malbik

Reiðin er ekki lengur móðins. Hún skilar engu, skrifar Jónína Michaelsdóttir.

umræðan 11




Tvöfalt hjá Val

Valur varð í gær Lengjubikarmeistari karla í knattspyrnu eftir sigur á Fylki í úrslitaleiknum.

sport 20

veðrið í dag



RIGNING EÐA SÚLD sunnan- og vestanlands þegar líður á daginn og vaxandi vindur. Norðan og austan til verður bjart með köflum fram eftir degi og hægari vindur. Hlýnandi veður.

VEÐUR 4

Áfangaheimili Ekron lokað

Áfangaheimili Ekron, sem annast endurhæfingu óvirkra vímuefnaneytenda, hefur verið lokað. Ráðuneyti vinnur að því að finna skjólstaðingum nýtt heimili. Meint kynferðisbrot forstöðumanns í lögreglurannsókn.

LÖGREGLUMÁL Áfangaheimili Ekron, kristilegra samtaka sem annast meðal annars starfsþjálfun og endurhæfingu óvirkra vímuefnaneytenda, hefur verið lokað. Þetta staðfestir forstöðumaðurinn, Hjalti Kjartansson, en hann var í síðasta mánuði kærður til lögreglu fyrir meint kynferðisbrot.

Að sögn Önnu Sigrúnar Baldursdóttur, aðstoðarmanns Guðbjarts Hannessonar velferðarráðherra, er ráðuneytið þegar byrjað að vinna í því að finna nýtt heimili fyrir skjólstaðingum áfangaheimilisins, en þar er pláss fyrir tíu til tólf manns. Samningur ráðuneytisins við Ekron rennur út í lok maí.

Ekron rekur þjálfunarstarfsemi sína á Grensásvegi 16, en áfangaheimilið er í Breiðholti. Það var eingöngu ætlað þeim sem voru í starfsþjálfun og endurhæfingu í Ekron, að því er fram kemur á heimasíðu samtakanna.

“Alls konar viðbjóður í gangi, trúaröfubeldi og rugl.”

HJALTI KJARTANSSON
FORSTÖÐUMAÐUR EKRON

Kona sem dvaldi á áfangaheimilinu kærði forstöðumanninn fyrir að hafa við sig samfarir. Samkvæmt upplýsingum frá lögreglu er rannsókn málsins vel á veg komin.

Hjalti Kjartansson vildi lítið tjá sig við Fréttablaðið um ástæður lokunar áfangaheimilisins þegar eftir því var leitað, að öðru leyti en því að þar hafi verið „alls konar viðbjóður í gangi, trúaröfubeldi og rugl“, eins og hann orðaði það. Þegar hann var spurður hver hefði staðið fyrir því svaraði hann: „Sú sem fór fyrir því,“ en kvað að öðru leyti ekki „tímabært“ að tjá sig

um málið. Hann kvaðst tilbúinn til að ræða við Fréttablaðið eftir hálfan mánuð, þrjár vikur.

Spurður hvort honum bæri ekki skylda til að upplýsa um málefni Ekron, þar sem samtökin væru með þjónustusamning við velferðarráðuneytið sagði Hjalti að samtökin væru allt annað en áfangaheimilið. Þetta tvennt væri óskilyt, þótt hvort tveggja væri á sömu vefsíðu og kennt við Ekron, sem skráð er eigandi áfangaheimilisins.

„Það hefur aldrei komið svo mikið sem króna, hvorki frá ríki né sveitarfélögum, inn í þetta áfangaheimili,“ sagði hann. Aðspurður kvaðst hann ekki geta gefið upp hver færi með yfirstjórn Ekron nú því það væri verið að „rótera“ í því máli.

Að sögn Herdísar Hjörleifsdóttur, sem sat í stjórn Ekron, hefur Hjalti vikið sem forstöðumaður á meðan rannsóknin stendur yfir. - jss



HUGAÐ AÐ VORVERKUNUM

Sólin skein á íbúa Neðstakaupstaðar á Ísafirði um helgina. Safnstjóri Bygðasafns Vestfjarða, Björn Baldursson og eiginkona hans, Ingunn Ósk Sturludóttir, voru þar í óðaönn að raka saman leifum vetrarins. Bygðasafnið er til húsa í Turnhúsinu sem tilheyrir einni elstu húsaþyrpingu landsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Leyniskjöl frá Guantanamo: Meira en 150 saklausir í haldi

GUANTANAMO Meira en 700 leyniskjöl frá Guantanamo-fangabúðunum veita góða innsýn í vinnubrögð Bandaríkjahers, sem árum saman hefur haldið hundruðum manna þar án dóms og laga.

Fjölmíðlar vestan hafs og austan hafa í samvinnu við Wikileaks birt hátt á átta hundruð skjöl frá Bandaríkjaher um flesta fangana sem dvalist hafa í fangabúðunum við Guantanamo-flóa á Kúbu.

Skjölín sýna að matið á því hvort einstaka fangar teljist hættulegir er ekki alltaf byggt á nákvæmri heimildavinnu.

Skjölín staðfesta meðal annars að meðal þeirra sem hafðir hafa verið í haldi í fangabúðunum eru meira en 150 saklausir menn sem aldrei hafa tengst neinum hryðjuverkasamtökum og aldrei komið nálægt neinni hryðjuverkastarfsemi.

Enn eru 172 fangar í búðunum, meira en tveimur árum eftir að Barack Obama hét því að láta loka þeim. - gb / sjá síðu 6

Ítarlegar rannsóknir íslenskra og danskra vísindamanna á gjósku úr Eyjafjallajökli: Lokun flugvalla var réttlæt看leg

ELDGOS „Við sýndum fram á að þessi gjóska er mjög fínkornótt þannig að hún barst langt með loftstraumum,“ segir Sigurður R. Gíslason, jarðvísindamaður við Háskóla Íslands, sem stjórnaði ásamt Susan Stipp við Kaupmannahafnarháskóla rannsókn á gjóskunni úr eldgosinu í Eyjafjallajökli á síðasta ári.

„Þessi gjóska var hættuleg við innöndun og sum efnanna í henni voru hættuleg umhverfinu,“ segir

Sigurður. Hins vegar segir hann það hafa verið heppilegt fyrir Íslendinga að fyrsta gjóskulagið, sem barst úr gígnum þegar vatn var enn í honum, innihélt ekki þessi hættulegu efni og hlífði jarðveginum þegar hættulegri efnin bárust síðar.

Niðurstöðurnar benda einnig til þess að lokun flugvalla hafi verið réttlæt看leg í ljósi þess tjóns sem gjóskan hefði getað valdið.

„Ef hún hefði lent á flugvélum hefði hún sandblásið þær þannig að gluggar hefðu getað orðið ógegnisæir. Efnasamsetning og kristallategund gjóskunnar var auk þess þannig að hún myndi bráðna í hreyflum flugvélna og síðan storkna í kaldari hluta vélanna, þannig að hún hefði getað stoppað hreyflana.“

Niðurstöður rannsókna eru birtar í dag í tímariti bandarísku vísindaakadémiunnar, PNAS. - gb

muundu eftir mjólkinni!



Tarkett viðarparket

Verðdæmi:
Eik 3ja stafa kr. 3.990 m²

ÁLFABORG
Skútuvogi 6 - Sími 568 6755

Lactoghurt daily

Einstök blanda mjólkursýrugerla



Með daglegri inntöku mjólkursýrugerla getur þú stuðlað að bættri þarfaflóru, jafnað ástand meltingarinnar og komið á jafnvægi.

Ráðlagður dagskammtur er 1 hylki á dag. Lactoghurt fæst í apótekum.



Kristófer, felur leit að norrænum Gillz ekki í sér að finna þurfi danska „røvhoved“?

Jú, og einhverja „aas pää“ í Finnlandi.

Sjónvarpsstöðvar á Norðurlöndunum hafa sýnt þema sjónvarpsþáttanna Mannasíðir Gillz áhuga og ekki úti-lokað að skandinavískar útgáfur af Agli Gillz muni líta dagsins ljós. Svokallaðir „rasshausar“ spila þar stórt hlutverk í þáttunum. Kristófer er handritshöfundur þáttanna.

Premeningarnir fundu:

Ræða stofnun nýs þingflokks

STJÓRN MÁL Premeningarnir Atli Gíslason, Ásmundur Einar Daðason og Lilja Mósedóttir,



ATLI GÍSLASON

sem sagt hafa sig úr þing-flokki Vinstri hreyfingarinnar - græns framboðs munu funda í dag um stofnun nýs þingflokks.

„Við munum ræða praktísk og pólitísk atriði,“ segir Atli og bætir við að engin ákvörðun hafi þó verið tekin enn þá um stofnun nýs þingflokks. „Við hittumst fyrir páska og ákváðum að funda í dag.“

Atli ítrekar þó að þau séu enn í Vinstri grænum. „Við munum fylgja stefnuskrá flokksins.“

Orkuveita Reykjavíkur:

Leynd fundu aflétt að fullu

ORKUVEITAN Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkti á síðasta stjórnarfundinum tillögu fulltrúa Sjálfstæðismanna að aflétta leynd af fundargerðum stjórnar félagsins. Verða því fundargerðir frá 1. janúar 1999 til 1. febrúar 2008 opnar almenningi og aðgengilegar á heimasíðu fyrirtækisins.

Fundargerðir eftir 1. febrúar 2008 höfðu þegar verið gerðar opinberar en stjórn OR samþykkti þá birtingu fundargerða en ákvörðunin var ekki afturvirk. Kjartan Magnússon borgarfulltrúi flutti tillöguna og sagði meðal annars að með því að svipta hulunni af umræddum fundargerðum gætu upplýstar og skynsamlegar umræður átt sér stað á opinberum vettvangi um málefni Orkuveitunnar.

Sjálfstæðismenn í Hafnarfirði ósáttir við svör frá bæjarstjórninni:

Trúnaður yfir endurfjármögnun láns

HAFNARFJÖRDUR Meirihlutinn í bæjarstjórn Hafnarfjarðar vill ekki ræða um endurfjármögnun 4,3 milljarða króna láns sem var á gjalddaga 7. apríl síðastliðinn. Til-laga um að koma málinu á dagskrá var felld á bæjarstjórnarfundi í dymbilvikunni.

„Það er trúnaður yfir þessum samtölum við endurfjármögnun-araðilana. Það er því ekki hægt að taka þetta fyrir á opnum bæjarstjórnarfundum,“ segir Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, oddviti Vinstri grænna í bæjarstjórn. Hún bendir á að eðlilegra væri að



GUÐRÚN ÁGÚSTA GUÐMUNDSDÓTTIR RÓSA GUÐBJARTSDÓTTIR

taka þetta fyrir á bæjarráðsfundum. „Þetta mál er í vinnslu. En það ríkir trúnaður yfir þessu.“

Rósa Guðbjartsdóttir, bæjar-

fulltrúi Sjálfstæðisflokksins, segir meirihlutann ekki gefa nein svör um stöðu lánsins. „Í marga mánuði höfum við spurt en engin svör fengið.“

Rósa gagnrýnir einnig áform meirihlutans um að taka á leigu hluta af gamla sparisjóðshúsinu til að bæta aðstöðu stjórnsýslunnar. Hún segir brýnni mál liggja fyrir.

Guðrún Ágústa segir ódýrara að færa stjórnsýslueiningarnar en að halda þeim í gamla húsnæðinu. „Það kostar 50 milljónir að gera gamla húsnæðið upp þannig að það sé boðlegt fyrir þjónustuna.“ - bph

Tólf létust í flóði um helgina:

Neyðarástand í Suður-Brasilíu

BRASÍLÍA Neyðarástandi hefur verið lýst yfir í sjö borgum í suðurhluta Brasilíu. Miklar rigning- ar hafa verið á svæðinu undan- farið. Tólf létust í flóðum og aurskriðum um helgina en rigningarnar hafa haft áhrif á líf um fjórutíu þúsund manns sem búa á svæðinu. Hundruð manna hafa misst heimili sín.

Björgunarliðar vinna að því að rýma þau svæði sem talin eru í mestri hættu.

Veðurspár benda til að rigning- unum sloti á næstu dögum. - mmf

Kæra bæinn fyrir að hygla heimamönnum

Hamarsfell ætlar að kæra útboð Akureyrarbæjar á byggingu grunnskóla. Verktaki í bænum fær verkið þrátt fyrir að eiga næstlægsta tilboðið. Forsvarsmaður fyrir-tækisins sem bauð betur telur málið skólalögreglu á um fyrirgreiðslupólitík.

AKUREYRI „Ég vísa ásökunum um fyrirgreiðslupólitík og spill-ingu á bug,“ segir Eiríkur Björn Björgvinsson, bæjarstjóri á Akureyri, um ásakanir Jóns Ármanns Steinssonar forsvarsmanns byggingarverktakans Hamarsfells.

Hamarsfell ehf. og Adakris UAB undirbúa skaðabótamál á hendur Akureyrarbæ þar sem bærinn hafnaði tilboði verktakanna í byggingu Naustaskóla, nýs grunnskóla á Akureyri. Tilboð SS Byggis varð ofan á.

Þegar tilboðin voru opnuð áttu Hamarsfell og Adakris lægsta tilboðið í verkið. SS Byggir ehf., félag heimamanna, átti þá 4. og 5. lægsta tilboðið. Vegna samlagningarvillu í útreikningi á tilboði SS Byggis upp á 83,8 milljónir króna var það leið- rétt og varð þá næstlægsta tilboðið í verkið.

„Villurnar eru eitthvert auka-atriði í þessu máli. Vafamálið snýr að Hamarsfelli. Að mati Fasteigna Akureyrar uppfyllir fyrirtækið ekki skilyrði bæjarfélagsins,“ segir Eiríkur Björn.

Hamarsfell bað um skýring- ar á samlagningarvillunni en Akureyrarbær ber fyrir sig trúnaði. „Síðblindan í þessu er sú að bærinn getur leiðrétt það sem honum sýnist og þarf aldrei að sýna fram á neitt,“ segir Jón Ármann hjá Hamarsfelli. „Þetta tilboð frá SS Byggi er steypa frá upphafi til enda.“

Jón Ármann bendir á að við skoðun á tilboði SS Byggis ætlast bæjarfélagið að endurgreiða verk- takanum 65 milljónir króna.

Vegur vinnuþátturinn af heild- arupphæðinni 70 prósent og efnis- kostnaður 30 prósent í tilboði SS



NÝR GRUNNSKÓLI Á AKUREYRI Útboð um Naustaskóla á Akureyri voru opnuð 20. apríl en fyrirtækið sem bauð best uppfyllir ekki skilyrði og fær því ekki verkið.

Uppfylla ekki skilyrði útboðslýsingar

Akureyrarbær hafnaði tilboði Hamarsfells og Adakris þar sem bærinn telur fyrirtækin ekki uppfylla sett skilyrði.

■ Fram kemur í rökstuðningi Fasteigna Akureyrar að endurskoðandi hafi aðstoðað við gerð ársreiknings Hamarsfells en reikningurinn er ekki endurskoðaður né hefur endurskoðandinn sannreynt grundvöll hans eins og fram komi í áritun. Félagið hafi ekki verið í rekstri síðan 2001 og hafi enga rekstrarsögu frá síðastliðnum árum, reynslu af svo umfangsmiklu verkefni né fjárhaglega getu fyrir svo viðamikili verkefni.

■ Adakris hafði nýtt sér greiðsluhagregðingu á opinberum gjöldum með vaxtalánu skuldabréfi til 5 ára sem heimiluð voru með lögum nr. 24/2010. Adakris geti því ekki talist í skilum á opinberum gjöldum.

Jón Ármann Steinsson gagnrýnir þetta og bendir á að upphæðin sem um ræðir sé 0,76% af ársveltu fyrirtækisins. „Við veljum 1,6 milljörðum og nýtum okkur úrræði ríkisins. Nú er það notað gegn okkur út af túlkunatriði toll- stjóra og bæjarstjóra Akureyrar. Hvers vegna er boðið upp á þessa lausn ef fólk er ennþá skilgreint í vanskilum?“

Byggis. Hamarsfell bendir á að eðlileg hlutföll í þessu sambandi séu 40 prósent í vinnukostnaði og 60 prósent í efniskostnaði. „Þetta er mjög ótrúverðug upphæð,“ segir Jón Ármann og segir að Hamarsfell hafi bent á ótrúverðuleika upphæðarinnar.

„Við fengum lögbann á áfram- haldandi samninga bæjarins við SS Byggi en tryggingargjaldið til að viðhalda því er 66 milljónir króna.“

Hamarsfell ætlar ekki að borga trygginguna. Það sé annaðhvort að kæra „eða bara lúffa gegn því sem við teljum venslaspillingu á versta stigi,“ segir Jón Ármann.

„Akureyri og SS Byggir ganga því vafalaust frá samningi eftir klukkan tvö á morgun [í dag].“

Hamarsfell ætlar að kæra málið og verður það tekið fyrir í útboðs- nefnd kærómála hjá innanríkis- ráðuneytinu. birgirh@frettabladid.is



ÁRÉKSTUR VIÐ MÍJÓDD Þriggja bíla áræktur varð á Breiðholtsbraut í gær. Talið er að einn bílanna hafi ekið yfir á rauðu. MYND/SIGURJÓN

Þriggja bíla áræktur í gær:

Líklega ekið yfir á rauðu

LÖGREGLUMÁL Harður þriggja bíla áræktur varð á Breiðholtsbraut, skammt frá Mjódd, seinni partinn í gær. Tveir voru fluttir með sjúkrahúsum á slysadeild en einn fór á eigin vegum. Meðislið þeirra reyndust ekki alvarleg. Alls voru um fimm manns í bílum.

Að sögn lögreglunnar voru sjónarvottar að áræktstrinum sem segja eina bifreiðina hafa ekið yfir á rauðu ljósi, í veg fyrir hinar tvær.

Bifreiðarnar eru mikið skemmdar og voru allar fluttar á brott með kranabíl. - jma

Sigraði í annað sinn:

Íslandsmeistari í skák krýndur

SKÁK Héðinn Steingrímsson varð Íslandsmeistari í skák um helgina.

Héðinn sigraði Henrik Daniel- sen í lokaumferðinni og fékk að launum öruggt sæti í landsliði Íslands, þátttökurétt á EM ein- staklinga að ári auk tvö hundruð þúsund króna.

Þetta er annar Íslandsmeistarati- titill Héðins en þann fyrri hlaut hann árið 1990. Þá var Héðinn fimmtán ára og sló aldursmet sem enn stendur. Jón L. Árnason átti metið á undan Héðni en hann varð Íslandsmeistari sextán ára. - mmf

FERMINGARTILBOÐ

10 " Spjaldtölva með Android 2.2

Tilboðsverð 45.000,- (69.800)



2b.is Erum í Gallery Art2b

Kauptún 3 - Garðabæ - S.5 800 800 - www.2b.is

Formleg kvörtun fjölda íslenskra lántakenda hefur verið send til ESA:

Stjórnvöld sökuð um lögbrot

NEYTENDAMÁL Hagsmunasamtök heimilanna og Sam- tök lánþega hafa ásamt um eitt þúsund einstakling- um sent formlega kvörtun til ESA, eftirlitsstofnunar EFTA, vegna meintra brota íslenskra stjórnvalda og stjórnsýslu á Evrópurétti í tengslum við bæði gengisbundin lán og verðtryggingu.

„Við erum að vonast til að fá áheyrn í Evrópu en hana fáum við ekki á Íslandi,“ segir Björn Þorri Vikt- orsson hæstaréttarlögmaður, talsmaður hópsins.

Kvörtunin snýr að dómsvaldi, löggjafarvaldi og framkvæmdarvaldi á Íslandi vegna meintra brota á Evróputilskipun um neytendavernd, sem meðal annars kveður á um að neytendasamningum megi ekki breyta þannig að það íþyngi neytendum og alls ekki afturvirk.

„Þetta snýst um það að menn hafa ofinnheimt gríðarháa vexti af þessum lánnum, og síðan bregst kerfið við með því að hjálpa mönnum að skila ekki nema hluta þess til baka eftir að lánin hafa verið dæmd ólögleg,“ segir Björn Þorri.

Tveir evrópskir neytendur, annar frá Spáni og hinn frá Þýskalandi, eru aðilar að kvörtuninni vegna lána sem þeir hafa tekið í tengslum við



NEYTENDARÉTTUR SAGÐUR BROTTINN Dómsvald, löggjafarvald og framkvæmdarvald á Íslandi eru sökuð um brot á evrópsk- um neytendarétti.

fasteignakaup hér á landi. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins og forseta Evrópuþingsins hefur jafnframt verið tilkynnt um kvörtunina og aðstoðar þeirra óskað vegna málsins innan ramma aðildarviðræðna Íslands.

Oft eru tilboð eftir páska!



1.790 kr. á mán. í 12 mán.

Nokia C2-01

19.990 kr./stgr.

500 kr. símnottkun á mán. í 6 mán. fylgir!



1.590 kr. á mán. í 12 mán.

Nokia 2730

16.990 kr./stgr.

500 kr. símnottkun á mán. í 6 mán. fylgir!



1.190 kr. á mán. í 12 mán.

Huawei U1250

12.990 kr./stgr.

500 kr. símnottkun á mán. í 6 mán. fylgir!

**Stærsti
skemmtistaður
í heimi!**

NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, MM Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is | m.nova.is | Facebook | Twitter

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	112,54	113,08
Sterlingspund	184,31	185,21
Evra	163,47	164,39
Dönsk króna	21,917	22,045
Norsk króna	21,016	21,14
Sænsk króna	18,384	18,492
Japanskt jen	1,3592	1,3672

SDR	180,26	181,34
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR		
	217,94	
HEIMILD: Seðlabanki Íslands		

Vilhjálmur Egilsson segir enn mikla óvissu í viðræðum um kjarasamninga: Útilokar samning til eins árs

KJARAMÁL Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, útilokar að gengið verði að tilboði Starfsgreinasambandsins um kjarasamning til eins árs og hækkun lágmarkslauna í tvö hundruð þúsund krónur.

Ríkissáttasemjari hefur boðað fulltrúa Samtaka atvinnulífsins og Starfsgreinasambandsins til fundar í dag.

„Til þess að geta réttlætt launahækkanirnar verðum við að sjá fram á að hagvöxtur verði meiri en spár gera ráð fyrir,“ segir Vilhjálmur og bætir við að tryggja þurfi meiri fjárfestingu.

Vilhjálmur segir að ekki sé hægt að taka tölur úr þriggja ára samningnum og setja í samning til eins árs. „Það gengur ekki að tala um svo miklar launahækkanir í öðru samhengi en við atvinnuleiðina.“



„Ég tel okkur geta lokið málum varðandi ASÍ en meiri óvissa er með ríkisstjórnina.“

VILHJÁLMMUR EGILSSON
FRAMKVÆMDASTJÓRI SA

Vilhjálmur segir að reynt verði að ljúka málum við ríkisstjórnina til að hægt verði að fara atvinnuleiðina. Þá verði reynt að ljúka því sem út af stóð við Starfsgreinasambandið, varðandi ræstingar- og fiskvinnslufólk. „Það er mikil óvissa. Ég tel okkur geta lokið málum varðandi ASÍ en meiri óvissa er með ríkisstjórnina.“

Dauðsfall í skemmtigarði: Skotinn með rafbyssu og dó

BANDARÍKIN Maður á fertugsaldri lést eftir að lögregla stuðaði hann með rafbyssu fyrir utan Universal Studios-skemmtigarðinn í Flórída fyrir helgi.

Maðurinn lét ófriðlega og fimm lögreglumenn, sem ekki voru á vakt, reyndu að handtaka hann. Þeir segjast hafa notað rafbyssuna vegna þess að maðurinn hafi ráðið á þá. Maðurinn missti meðvitund og lést á spítala stuttu síðar. Lögreglumönnum hefur verið víkið frá störfum á meðan rannsókn stendur yfir.



FRYSTIHÚSIÐ Hér mun Sköpunarmiðstöðin hefja starfsemi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sköpun á Stöðvarfirði: Frystihúsið mun hýsa menningu

MENNING Fyrirhuguð Sköpunarmiðstöð á Stöðvarfirði fékk hæsta styrkinn þegar menningarráð Austurlands úthlutaði styrkjum í seinustu viku. Alls var úthlutað 63 styrkjum fyrir alls 26 milljónir króna.

Í frétt Austurgluggans kemur fram að hæsti styrkurinn, 1,2 milljónir króna, fékk Sköpunarmiðstöðin en um þessar mundir er unnið að því að búa til skapandi samfélag og sjálfbæra listsköpun í gömlu frystihúsi á staðnum í samvinnu við innlend og erlend hönnunarsamfélög og skóla.

Hinn þekkti listaskóli Central Saint Martins í London hefur nýlega boðist til þess að taka þátt í þessari uppbyggingu og kemur hópur nemenda og kennara frá skólanum til Stöðvarfjarðar í sumar til þess að hefja þá vinnu.

INDLAND

Skípuleggjandi handtekinn

Skípuleggjandi Samveldisleikanna sem haldnir voru á Indlandi í fyrra hefur verið handtekinn, grunaður um spillingu. Suresh Kaldmani var víkið úr embætti í janúar á þessu ári en grunur leikur á að hann hafi þegið mútur þegar hann úthlutaði verkefnum í tengslum við leikana. Kaldmani er meðal annars talinn hafa útvegað svissneskum úraframleiðanda samning um umsjón stígaflana á leikum gegn greiðslu.

Vegagerð á Öxi og í Skriðdal: Mjög neikvæð umhverfisáhrif

SAMGÖNGUR Skipulagsstofnun telur að fyrirhugaðar framkvæmdir við Axarveg og Hringveg um Skriðdal og Berufjarðarbotn muni hafa verulega neikvæð umhverfisáhrif á stórbrotið og tilkomumikið landslag á sex til sjö kílómetra kafla í Berufjarðardal.

Skipulagsstofnun telur ótvírætt að vegna landslagsaðstæðna á svæðinu sé ekki mögulegt að koma fyrir vegamannvirki, af því umfangi sem fyrirhugað er, sem gæti á nokkurn hátt fallið að landslaginu og sem hefði ekki í för með sér varanlegar breytingar á landslagi og ásynð svæðisins.

Þá telur Skipulagsstofnun að veglagning um Berufjarðarbotn muni hafa verulega neikvæð og óafturkræf áhrif á fugla og leirur sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd.

Flugræningi yfirbugaður:

Vildi að flogið yrði til Líbíu

FRAKKLAND Flugræningi var yfirbugaður af afhöfn og farþegum í flugi Alitalia frá París til Rómur á nýnda tímanum á sunnudag.

Maðurinn ógnaði fluglíða með hnífi og krafðist þess að flugvélinni yrði beint til Trípólí, höfuðborgar Líbíu.

Eftir að maðurinn hafði verið yfirbugaður var hann sprautaður með deyfilyfi.

Maðurinn er 48 ára gamall og starfaði sem ráðgjafi sendinefndar Kasakstans hjá Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna í París.



ÞORSKELDI Hjarðeldið reyndist koma betur út en að veiða villtan þorsk og ala hann í sjókvíum og mun betur en að nota eldisseiði sem klakin eru út í eldisstöð og flutt í sjókvíar.

Þorskur í hjarðeldi vex þrefalt hraðar

Ný rannsókn á hjarðeldi á þorski bendir til að slíkt eldi sé arðbært. Hjarðeldi kemur vel út í samanburði við annað eldi á þorski. Fiskur sem var fóðraður á frosinni loðnu óx mun hraðar og þrefaldaði þyngd sína miðað við villtan þorsk.

FISKELDI Tilraunir með hjarðeldi á þorski í Arnarfirði benda til að slíkt eldi sé arðbært. Niðurstöðurnar hafa vakið athygli erlendis og meðal annars fengið umfjöllun í fréttadálki hins virta vísindatímars Nature.

Nýlega birtist grein um arðsemi hjarðeldis á þorski í alþjóðlega tímaritinu Marine Policy eftir Jón Eðvald Halldórsson, Björn Björnsson og Stefán B. Gunnlaugsson en greinin er byggð á meistaraþrófsritgerð Jóns við Háskólann á Akureyri þar sem Björn, sérfræðingur í eldi sjávardýra á Hafrannsóknastofnuninni, var leiðbeinandi.

Í greininni er sagt frá tilraunum með hjarðeldi sem fóru fram í Arnarfirði á árunum 2005 og 2006 á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar.

Þar var komið upp fjórum fóðrunarstöðvum miðsvæðis í firðinum, tveimur nærri norðurströndinni og tveimur nærri suðurströndinni. Þangað var farið tvisvar til þrisvar í viku með frosna loðnu í netpoka en þorskarnir söfnuðust að fóðrunarstöðvunum og rifu í sig fóðrið út um netmóskvana. Vaxtarhraði hjarðeldisfiskanna um það bil þrefaldaðist miðað við villta fiska annars staðar í firðinum.

Í greininni er borinn saman sá möguleiki fyrir útgerðarfélag með 200 tonna þorskvóta að í stað þess að veiða horaðan og smáan grunnslóðarfisk eigi að fóðra fiskinn í hjarðeldi eins og gert var í Arnarfirði og þannig tvöfalda meðalþyngd hans áður en veiðar færu fram. Miðað við gefnar forsendur er gert ráð fyrir að þá sé hægt að

slátra um 360 tonnum af stórum fiski og um það bil tvöfalda aflaverðmætið.

Arðsemisútreikningar benda til að árlegur hagnaður yrði um ellöfu milljónir króna af hinum hefðbundnu fiskveiðum en 24 milljónir króna af hjarðeldinu. Hjarðeldið kom einnig betur út miðað við að veiða villtan þorsk sem alinn er til slátrunar í sjókvíum og mun betur en þegar notuð eru eldisseiði sem klakin eru út í eldisstöð og síðar flutt út í sjókvíar.

Hjarðeldi er enn á tilraunastigi og ýmsar rannsóknir og þróunarstarf þarf að fara fram áður en hægt er að hefja slíka starfsemi og setja um hana almennan lagaramma, segja þeir sem staðið hafa að rannsóknunum.

svavar@frettabladid.is

15% afsláttur

Nýtt lok! Auðvelt að opna

NJÓTUM ÞESS AÐ HREYFA OKKUR

Apótekarinn+

lyf á lægra verði

VEÐURSPÁ

Ingibjörg Karlsdóttir
veðurfréttamaður

HLÝNAR
Það hlýnar á landinu í dag og því líttar líkur á snjókomu á láglandi næstu daga en það lítur út fyrir talsverða vætu í suðlægum áttum. Inn á milli ætti að sjást til sólar en vætutíminn verður líklega talsvert meiri en tími sólskins.

Á MORGUN Fremur hægur vindur víðast hvar.

FIMMTUDAGUR Vaxandi vindur sunnan og vestan til.

HEIMURINN

Alicante	21°
Basel	23°
Berlín	21°
Billund	16°
Frankfurt	21°
Friedrichshafen	21°
Gautaborg	15°
Kaupmannahöfn	15°
Las Palmas	20°
London	18°
Mallorca	22°
New York	24°
Orlando	32°
Ósló	14°
París	22°
San Francisco	17°
Stokkhólmur	15°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegis.

Kringlan

Ferming

ENDALAUST ÚRVAL!

Bækur, föt, raftæki, íþróttavörur og miklu fleira.
Og svo er gjafakort Kringlunnar hentug gjöf handa þeim sem vilja velja sjálfir.

JÓNSSON & LEWIS • J.L.S



Mán-mið 10-18.30, fim 10-21, fös 10-19, lau 10-18, sun 13-18 | Sími 517 9000

FRÉTTASKÝRING Leyniskjölín frá Guantanamo

Augljósar ýkjur og ónákvæmni

Meira en 700 leyniskjöl frá Guantanamo-fangabúðunum veita góða innsýn í vinnubrögð Bandaríkja-hers, sem árum saman hefur haldið hundruðum manna þar án dóms og laga.

Fjölmíðlar vestan hafs og austan hafa í samvinnu við Wikileaks birt hátt á átta hundrað skjöl frá Bandaríkjaher um flesta fangana sem dvalist hafa í fangabúðunum við Guantamo-flóa á Kúbu.

Skjölín staðfesta að meðal þeirra sem hafðir hafa verið í haldi í fangabúðunum eru meira en 150 saklausir menn frá Afganistan og Pakistan. Þeir hafi aldrei tengst neinum hryðjuverkasamtökum og aldrei komið nálægt neinni hryðjuverkastarfsemi.

Hrein tilviljun réði því að þeir voru teknir fastir og fluttir yfir hálfu jörðina. Þetta eru meðal annars bændur, bifreiðastjórar og kokkar. Sumir voru á barnsaldri þegar þeir voru handteknir, en sumir komnir vel yfir áttrett.

Það versta dregið fram

Alls eru þetta 765 skjöl, skrifuð á árunum 2002 til 2009 af yfirmönnum fangabúðanna og send til yfirstjórnar Bandaríkjahers í Miami á Flórída.

Þarna er að finna ítarlegar upplýsingar um flesta fangana, meðal annars uppruna þeirra og æviferil, heilsufar og trúarskoðanir, hugsanleg tengsl þeirra við hryðjuverkamenn og hvort þeir hafi verið samvinnuþýðir við yfirheyrslur.

Einnig er þar að finna mat yfirmanna búðanna á því hvort þeir eigi að teljast hættulausir eða hvort einhver ástæða sé til að halda þeim lengur í búðunum.

Í skjölunum kemur greinilega fram að það mat er ekki alltaf byggt á nákvæmri heimildavinnu. Algennt er að finna augljósar ýkjur og misjafnlega frjálsglega meðferð staðreynda. Það versta er dregið fram og gert eins mikið úr því og hægt er. Dæmi eru um að fangar, sem sagðir eru stórhættulegir, hafi verið látnir lausir fáum mánuðum seinna og þá sagðir meinlausir með öllu.

Einnig kemur fram að margir fanganna hafa átt mjög erfitt andlega, sem varla þarf að koma á óvart eftir þá meðferð sem þeir hafa þurft að þola af hálfu Bandaríkjamanna.



GUANTANAMO-BÚÐIRNAR Hátt á átta hundrað manna hafa verið hafðir þar í haldi og enn eru 172 menn í búðunum.

NORDICPHOTOS/AFP

Birtingin fordæmd

Bandaríkjastjórn hefur fordæmt birtingu skjalanna og segir hana ekki gefa rétta mynd af núverandi mati hennar á föngunum, sem hafi í sumum tilvikum breyst eftir að ný nefnd fékk það hlutverk að fara yfir mál þeirra.

Um sex hundruð fangar hafa nú þegar verið látnir lausir frá Guantanamo, en ennþá eru þar 172 menn sem hafa verið þar í fangelsi í nærri áratug.

Einungis fjórtán þeirra hafa fengið þann úrskurð bandarískra stjórnvalda, að þeir teljist „sérlega mikilvægir“ og nauðsynlegt sé

að kveða upp yfir þeim dóm fyrr eða síðar.

Sá „mikilvægasti“ þeirra, Khalid Sheikh Mohammed, er talinn hafa skipulagt árásirnar 11. september 2001. Í skjölunum kemur fram að hann sé bæði talinn afar hættulegur en einnig búa yfir mikilvægum upplýsingum um starfsemi hryðjuverkamanna. Jafnvel hann hefur þó ekki enn verið dreginn fyrir dóm, þó að réttarhöld hafi verið í undirbúningi nokkuð lengi.

Leyniþjónusta Pakistans

Í skjölunum, sem Wikileaks hefur birt, kemur einnig fram að yfirmenn Guantanamo-

búðanna litu á leyniþjónustu Pakistans sem hryðjuverkasamtök eða samtök með tengsl við hryðjuverkamenn. Á lista yfir 60 alþjóðleg hryðjuverkasamtök eða samtök með tengsl við hryðjuverkamenn, sem hafðir voru til hliðsjónar við yfirheyrslur yfir föngunum, er einnig að finna leyniþjónustuna í Íran.

Þótt bandaríska leyniþjónustan hafi starfað mikið með leyniþjónustunni í Pakistan, meðal annars við að leita uppi grunaða hryðjuverkamenn sem sumir voru síðan fluttir til Guantanamo, þá hafa þau samskipti gengið misjafnlega vel.

Bandaríkjamenn hafa allt síðan snemma á níunda áratug síðustu aldar, þegar þeir unnu með Pakistönnum við að hjálpa talibönnum að herja á Rússa í Afganistan, sakað pakistönsku leyniþjónustuna um að leika tveimur skjöldum.

Síðast nú fyrir páska sagði Mike Mullen, yfirmaður herráðs Bandaríkja, leyniþjónustu Pakistans enn halda tengslum við liðsmenn afgansks stríðsherra, sem er með bæstistöðvar í norðvestanverðu Pakistan.

Óuppfyllt kosningaloforð



BARACK OBAMA

Eitt af kosningaloforðum Baracks Obama var að fangabúðunum í Guantanamo skyldi lokað. Þetta ætlaði hann að gera innan árs frá því að hann tæki við embætti, en nú eru liðin meira en tvö ár síðan hann tók við af George W. Bush.

Hann mætti hins vegar mikilli mótstöðu í þinginu og hefur ekki fengið því framgengt að loka fangabúðunum. Þá hugðist hann í staðinn sjá til þess að réttarhöld yfir föngunum yrðu haldin í

Bandaríkjunum fyrir venjulegum dómstólum, í stað þess að þau færu fram á Kúbu, í sérdómstólum hersins utan lögsögu Bandaríkja, þar sem fangarnir njóta ekki allra þeirra réttinda sem þeir myndu njóta í Bandaríkjunum. Þessu náði hann heldur ekki fram, heldur féllst á það nú fyrir nokkrum vikum að sérdómstólar hersins á Kúbu myndu fjalla um mál fanganna. Þótt flestir þeirra 172 fanga, sem enn dvelja í Guantanamo,

hafi aldrei verið ákærðir fyrir neina glæpi, hvað þá hlotið dóm, verða þeir áfram hafðir í haldi um óákveðinn tíma „vegna þess að þeir eru í raun enn í stríði við Bandaríkin“ eins og það er orðað í minnisblaði frá Hvíta húsinu.

Þar með hefur Obama í reynd viðurkennt að honum muni ekki takast að standa við þetta mikilvæga kosningaloforð sitt, um að loka Guantanamo-fangabúðunum.

Guðsteinn Bjarnason
gudsteinn@frettabladid.is



Ókeypis heyrnarmæling

Pantaðu tíma í ókeypis heyrnarmælingu og leyfðu okkur að leiðbeina þér við val á heyrnartækjum með allt að fjögurra ára ábyrgð.

HEYRNARSTÖÐIN



Læknastöðin • Kringlunni
Sími 568 7777 • heyrnarstodin.is



ÞÚ ...

... getur hvatt þitt lið áfram



HVAÐ
GETUM
VIÐ
GERT FYRIR
ÞIG?

Hvort sem þú ert aðdáandi handboltaliðs Akureyrar eða FH þá höldum við hjá Byr með báðum liðunum enda erum við stoltir styrktaraðilar handboltaliða Akureyrar og FH.

Við hvetjum alla handboltaunnendur til að mæta á leikina og hvetja sitt lið af miklum krafti þegar liðin keppa um Íslandsmeistaratitilinn í handbolta karla.

Góða skemmtun!

- **Leikur 1** Höllin Akureyri, þriðjudaginn 26. apríl kl. 19.30
- **Leikur 2** Kaplakrika Hafnarfirði, föstudaginn 29. apríl kl. 20.15
- **Leikur 3** Höllin Akureyri, sunnudagur 1. maí kl. 16.00
- **Leikur 4** (ef þarf) Kaplakrika Hafnarfirði, miðvikudaginn 4. maí kl. 20.15
- **Leikur 5** (ef þarf) Höllin Akureyri, föstudaginn 5. maí kl. 20.15

Við styrkjum félög til góðra verka.

Byr er ábyrgður þátttakandi í sínu nánasta samfélagi og leggur áherslu á að styrkja góð og uppbyggileg verkefni sem stuðla að heilbrigðum lífsstíl allra aldurshópa.

Sími 575 4000 | byr@byr.is | www.byr.is


BYR

Aldarfjórðungur frá slysinu í Tsjernobyl

Brokkengar tilraunir í Japan til að koma í veg fyrir frekari geislaflengun frá laskaða kjarnorkuverinu í Fukushima ýta undir áhyggjur manna af nýtingu kjarnorku, nú þegar þess er minnst að 25 ár eru liðin frá slysinu í Tsjernobyl.

ÚKRAÍNA Heimsbyggðin minnst þess að í dag verður liðinn aldarfjórðungur frá kjarnorkuslysinu í Tsjernobyl, fjórtán þúsund manna bæ í Úkraínu sem þá tilheyrði Sovétríkjunum.

Atburðirnir í kjarnorkuverinu í Fukushima í Japan hafa orðið til að minna enn frekar á þá hættu, sem fylgir nýtingu kjarnorkunnar. Þó eru þeir varla sambærilegir við það sem gerðist í Tsjernobyl.

Á miðvikudag hófst alþjóðleg ráðstefna í Úkraínu til þess að safna fé til hreinsunarstarfs í Tsjernobyl, þar sem enn er mikið verk óunnið þótt aldarfjórðungur sé liðinn frá slysinu. Árangur fjársöfnunarinnar olli hins vegar vonbrigðum. Vonast hafði verið til að um 115 milljarðar króna myndu safnast, en þátttakendur ráðstefnunnar, sem voru bæði ríki og stofnanir, gáfu einungis vilyrði fyrir tæplega 70 milljörðum króna.

Yukiya Amano, yfirmaður Alþjóðakjarnorkustofnunarinnar, sagði í síðustu viku að hvorki Tsjernobylslysið né atburðirnir í Fukushima nú nýverið dragi úr vægi kjarnorkunnar. Hún verði áfram notuð víða um heim, en alþjóðasamfélagið verði samt að tryggja öryggi hennar.

Í Japan gengur baráttan við lekann úr kjarnorkuverinu í Fukushima, sem skemmdist illa í hamförunum í síðasta mánuði, þó enn brösuglega. Japönsk stjórnvöld hafa ákveðið að framfylgja betur banni við mannaferðum í 20 kílómetra hringferli umhverfis verið. Á þessu svæði bjuggu nærri 80 þúsund manns í tíu þorpum og bæjum.

Í Úkraínu komu tvö þúsund manns, sem unnu að hreinsun eftir slysið þar fyrir aldarfjórðungi, saman um síðustu helgi til að mótæla því að lífeyrir til þeirra hefur lækkað.

Alls voru um 600 þúsund manns sendir til Tsjernobyl víðs vegar að frá Sovétríkjunum til að sinna

Ný öryggishlíf reist utan um kjarnorkuverið

Utan um kjarnorkuverið í Tsjernobyl er verið að reisa stóra stálhlíf sem á að vera tilbúin árið 2013. Mannvirkið á að kosta 250 milljarða króna og tekur við af hlífðarbyggingu sem reist var í skyndi í kjölfar versta kjarnorkuslyss sögunnar.

26. apríl 1986: Orkukippur í kjarnaofni 4 olli sprengingum sem eyðilögðu kjarna ofnsins og beyttu þakinu af. Geislafleng loftmengun dró 4.000 manns til bana vegna krabbameins í Úkraínu, Hvíta-Rússlandi, Rússlandi og nokkrum Evrópuríkjum.

26. apríl - 9. maí: Þúsundum tonna af blýi og sandi varpað úr þylrum til að kæfa eldana.

Hlífðarbygging Reist í skyndingu í kjölfar slyssins. Þar eru enn 95 prósent geislaflenga efnisins úr kjarnaofni 4.

Hinir þrjú kjarnaofnar versins voru starfræktir til ársins 2000.

Reist í einungum sem er rennt á réttan stað á teflonhúðuðum brautarteinum.

Nýja öryggishlífin nær utan um bæði orkuverið og hlífðarbygginguna.


© Graphic News

Heimildir: WHO, Novarka

hreinsunarverkem og bjarga því sem bjargað varð. „Ég var 23 ára þá og sinnti skylduverkem mínum fyrir þjóðina,“ segir Leonid Litvinenko, 48 ára gamall maður sem

segist nú þurfa að nota helminginn af lífeyri sínum til að kaupa lyf. „Nú er ég öryrki og þjóðin mín hefur varpað mér fyrir borð.“

gudsteinn@frettabladid.is



App, app mín sál!

Ferminartilboð í öllum verslunum

Stórsnjallir símar á frábæru verði auk úrvals framúrskarandi ferminargjafa.

Prófaðu nýjustu tæknina og sjáðu framtíðina með þínum eigin augum. Láttu ekki app úr hendi sleppa.



LG Optimus Me

200 MB
á mán. fylgir
með í 6 mán.

2 miðar
í Sambíóin
fylgja
á meðan birgðir endast

2.499 kr.
á mán. í 12 mán.
Fullt verð: 29.990 kr.

power to you



ÁRSFUNDUR 2011

Ársfundur Gildis-lífeyrissjóðs verður haldinn á Grand Hótel, Reykjavík fimmtudaginn 28. apríl kl. 17.00.

Dagskrá fundarins:

1. Venjuleg ársfundarstörf.
2. Tillögur til breytinga á samþykktum sjóðsins.
3. Tillögur um réttindabreytingar.
 - a. Um hækkun vegna örorkuframlags.
 - b. Um lækun vegna tryggingafræðilegrar stöðu.
4. Önnur mál, löglega upp borin.

Tillögur til breytinga á samþykktum sjóðsins liggja frammi á skrifstofu sjóðsins og eru birtar á heimasíðunni, www.gildi.is

Allir sjóðfélagar eiga rétt til setu á ársfundinum með málfrelsi og tillögurétti. Sérstakt fulltrúaráð, að jöfnu skipað fulltrúum stéttarféлага og samtaka atvinnurekenda sem að sjóðnum standa, fer með atkvæði á ársfundinum.

Reykjavík 12. apríl 2011,

Stjórn Gildis-lífeyrissjóðs.



Gildi - lífeyrissjóður
Sætúni 1
105 Reykjavík
Sími 515 4700
www.gildi.is
gildi@gildi.is

Fermingartilboð

Gerð GÆÐA- og verðsamanburð

NÝTT
12 mánaða
vaxtalausar
greiðslur



VALHÖLL

Bonnel gormakerfi, gæðabólstrun, vandaðar steypar kantstyrkingar, góð nýting á svefnfleti

Stærð	Verð
80x200	69.900 kr.
90x200	69.900 kr.
120x200	84.900 kr.
140x200	89.900 kr.
153x203	99.900 kr.



SAGA

7 svæðaskipt heilsudýna með pokagormakerfi, góður lágbaksstuðningur, mýkra og betra axlasvæði, þrýstijöfnunarefni í bólstrun, vandaðar steypar kantstyrkingar, fullkomin nýting á svefnfleti, þarf aldrei að snúa

Stærð	Verð
90x200	89.900 kr.
100x200	94.900 kr.
120x200	109.900 kr.
140x200	119.900 kr.
153x203	129.900 kr.



ÞÓR

7 svæðaskipt heilsudýna með tvöföldu pokagormakerfi, góður lágbaksstuðningur, mýkra og betra axlasvæði, eggjabakka-þrýstijöfnunarefni í bólstrun, vandaðar steypar kantstyrkingar, fullkomin nýting á svefnfleti, þarf aldrei að snúa

Stærð	Verð
100x200	104.900 kr.
120x200	124.900 kr.
140x200	139.900 kr.
153x203	149.900 kr.



IQ-CARE

Ein besta heilsudýna í heimi, háþrúð þrýstijöfnunar-heilsudýna, með 7 svæðaskiptum svefnfleti, mjúk og þægileg við axlasvæði, veitir góðan stuðning við lágbakssvæði, fullkomin nýting á svefnfleti, þarf aldrei að snúa

Stærð	Verð
90x200	144.900 kr.
100x200	149.900 kr.
120x200	164.900 kr.
140x200	179.900 kr.
153x203	179.900 kr.

Öll verð með botni og fótum

10.000 kr.
vöruúttekt
fylgir öllum
fermingarrúmum



www.svefn.is

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00

Nefnd landbúnaðarráðherra hefur lítinn áhuga á hagsmunum neytenda af lágu verði á fuglakjöti.

Borgiði bara

Jón Bjarnason landbúnaðarráðherra skipaði á dögunum nefnd til að fjalla um hvernig mætti „efla alifuglarækt með sérstöku tilliti til íslenskra aðstæðna hvað varðar fæðuöryggi, fóduröflun og umhverfissjónarmið“.

Nefndin skilaði af sér skýrslu um miðjan mánuðinn og gagnrýndi þá meðal annars að kjúklingaframleiðendur væru of fáir hér á landi og flest bú of nálægt höfuðborgarsvæðinu. Það væri óhagkvæmt með tilliti til nýtingu áburðar frá búunum og sömuleiðis yllu fá og stór bú meiri sýkingarhættu – en kamfýlóbakter- og salmonellusýkingar hafa verið verulegt vandamál í kjúklingaræktinni undanfarin misseri.



SKOÐUN

Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

„Við teljum að búin eigi að vera í minni einingum. Það eykur matvælaöryggið í landinu,“ sagði Björn Halldórsson, formaður starfshópsins, í samtali við Fréttablaðið um niðurstöður nefndarinnar.

„Dreifð framleiðsla um landið hefur einnig áhrif á nærsamfélög. Vilji menn nýta allt landið og halda því í byggð er þetta ein leið til þess.“

Önnur leið, sem nefndin vill fara til að auka matvælaöryggið í landinu er að framleiða meira innlent fódur ofan í kjúklinga. „Það myndi spara gjaldreyri og gera greinina minna háða innflutningi – með öðrum orðum gera greinina íslenskar en hún er í dag,“ segir í skýrslunni.

Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna, hafði ýmislegt við þessar niðurstöður að athuga í samtali við Fréttablaðið á skírdag. Hann segist eiga eftir að sjá að það standist atvinnufrelsisákvæði stjórnarskrárinnar að setja hömlur á atvinnurekstur til að fjölga búum og minnka þau. Formaður Neytendasamtakanna bendir jafnframt á þau augljósu sannindi, að vilji menn draga úr fákeppni og efla samkeppni í kjúklingaframleiðslu, liggur beint við að lækka tolla og ýta þannig undir innflutning á kjúklingi.

Nefnd landbúnaðarráðherra vann raunar það afrek að fjalla um kjúklingaræktina án þess að nefna einu orði hvaða áhrif lægri tollar og minni innflutningshöft gætu haft á greinina og hag neytenda. Það er ekki síðra afrek að sleppa því að fjalla um hvaða áhrif breytingarnar, sem nefndin vill gera, gætu haft á verð afurðanna.

Formaður nefndarinnar víðurkenndi reyndar í samtali við Fréttablaðið að tillögur nefndarinnar myndu þýða hækkun á vöruverði. Er það eitthvað sem neytendur eiga bara að sætta sig við? Eiga þeir gláðir að borga fyrir byggðastefnu, nýjan markað kornbænda og áframhaldandi vernd greinarinnar fyrir útlendri samkeppni, svo nokkur af áhugamálum landbúnaðarráðherra séu nefnd?

FRÁ DEGI TIL DAGS

Athugasemd

Á þessum stað í síðustu viku var sagt að Baldur Guðlaugsson hefði verið arkitekt neyðarlaganna svokölluðu. Því mótmælir Jón Þór Sturluson, sem var aðstoðarmaður viðskiptaráðherra þegar þau voru sett. Í skeyti til blaðsins vísar hann á nokkra búta úr skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis þar sem fólk lýsir aðdraganda lagasmíðinnar. Segir hann svo: „hið sanna er að viðskiptaráðuneytið var prímus mótor í þessu máli og naut fyrst og fremst aðstoðar Fjármálaeftirlits og Seðlabanka.“ Þar höfum við það.



70 svör ókomin

Eins og vanalega er leyfi þingmanna frá þingstjórnunum um og eftir páska nokkuð gott. Þingið fór í fri 14. apríl og verður næsti þingfundur 2. maí. Meðal þess sem fram undan er í þingstjórnunum er að ráðherrar svari þeim 70 fyrirspurnum sem lagðar hafa verið fyrir þá í vetur og enn er ósvarað. Þegar svörin liggja fyrir bætast þau við það 301 svar sem þegar hefur verið lagt fram við fyrirspurnum frá þingmönnum í vetur.


Úbbs

Undirskriftasöfnunin gegn fjölmiðla- lögunum sem Guðmundur Franklín Jónsson stóð að og naut stuðnings nokkurra fjölmiðlafyrirtækja, þar á meðal 365, er líklega snautlegasta undirskriftasöfnun síðari tíma. Hún snerist um að skora á forsetann að synja lögunum staðfestingar. Þegar forsetinn staðfesti lögin á miðvikudaginn í síðustu viku hafði sem nemur meðal-facebook-vin-afjöldi sett nafn sitt á undirskriftalistann.



bjorn@frettabladid.is

HALLDÓR



FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUFLAÐUR: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur Þ. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds. Issn 1670-3871

Frestum 15 metrunum

Umhverfismál



Hildur Sverrisdóttir

varaborgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins og situr í umhverfis- og samgönguráði

Í borgarkerfinu er víðast hvar verið að leita nýrra leiða við að hagræða í þjónustu við borgarbúa. Hin svokallaða 15 metra regla í sorphirðu er ein slík leið. Þó að hugmyndafræðin sem liggur að baki reglunni sé góð má margt betur fara í hugmyndum um framkvæmd hennar.

Þegar ákvörðunin um 15 metra regluna var tekin í umhverfis- og samgönguráði litu fulltrúar Sjálfstæðisflokksins svo á að um væri að ræða hugmynd sem vert væri að skoða í borgarkerfinu. Okkur þótti það jákvæð þróun að leitað væri leiða til að tryggja að borgarbúar gætu ákveðið sjálfir hvernig þeir notuðu þjónustu borgarinnar. Út frá þeirri hugmyndafræði er hægt að rökstyðja að það sé sanngjarnt að þeir sem valdi auknum kostnaði við sorphirðu umfram aðra hafi val um að annaðhvort bregðast við til að lækka kostnað, eða greiða fyrir hann.

Ef fara á í slíkar aðgerðir er hins vegar mikilvægt að gæta að jafnræði, sanngirni og góðu samstarfi við borgarbúa. Framkvæmd 15 metra reglunnar hefur verið metnaðarfull að mörgu leyti en því miður hefur ekki tekist að koma í

veg fyrir atriði sem valda því að reglan er ekki eins sanngjörn og vonir stóðu til. Ekki er til dæmis sanngjarnt að íbúar í ólíkum stigagöngum sömu blokkar, eða í húsum raðhúsalengja sem eru fjarst lóðarmörkum, standi ekki jafnfætis nágrönnum sínum hvað varðar gjaldheimtu. Þá getur það heldur ekki talist sanngjarnt að íbúar við öskustíga eða í gömlum hverfum þurfi að hlíta reglunni þar sem þeir eiga oft ekki val um færa tunnurnar vegna gróins skipulags. Ef íbúar hafa ekki raunverulegt val um hvernig þeir kjósa að bregðast við 15 metra reglunni getur hún varla talist sanngjörn.

Ef regla sem þessi á að standa undir tilgangi sínum verður hún að vera unnin í sátt við borgarbúa og því er mikilvægt að vafaatriði séu túlkuð þeim í hag. Gildistöku 15 metra reglunnar ætti því að fresta þar til búid er að tryggja að framkvæmd hennar sé sanngjörn. Einungis þá er réttlætlanlegt að biðja Reykvíkinga um samstarf sem tryggir borgarbúum sanngjarnt val um hvernig þeir nota þjónustu borgarinnar.

Konfúsíusarstofnun sýnir kínversku heimildamyndina:

Lífrænt, hvað sem það kostar

(e. Organic, Against all Odds)

Askja 132, fimmtud. 28. apríl kl. 17:30

Veitingahúsarekandi vill eingöngu matreiða lífrænan mat, sem reynist þrautin þyngri. Hugsjónin og leikreglur markaðarins takast á.

Öllum opið, aðgangur ókeypis!

Kínversk fræði við HÁSKÓLA ÍSLANDS
konfusius@hi.is | www.konfusius.hi.is

Malbik

Í DAG

Jónína
Michaelsdóttir
blaðamaður



Bifreiðaeign hér á landi er nú orðið talin sjálfsgöður þáttur í heimilishaldi, rétt eins og ískápur og eldavél. Ekki er óalgengt að hjón eigi hvort sína bifreið, og þar sem afkomendur búa gjarnan hjá foreldrum sínum fram á fullorðinsár, má jafnvel sjá þrjár eða fjórar bifreiðar á hlaðinu. Úr þessu hefur dregið eftir að kreppan tók völdin. Sést þó enn. En eftir að bensínverð fór fram úr réttlætiskennnd almennings og peningabuddan fór að kenna til, heyrir maður um vinahópa og fjölskyldur saman í bifreið þar sem áður var bara setið í bílstjórasetinu, á leið í skóla og á vinnustaði. Þetta er ekki aðeins

sætti á sínum tíma mikilli gagnrýni fyrir það bruðl að malbika veginn fyrir austan fjall. Ég hugsa hlýlega til hans hvert skipti sem ég ek þessa leið sem og til annarra sem beittu sér fyrir þessari lífsgæðabót víða um landið.

Geir Hallgrímsson, sem var borgarstjóri í Reykjavík 1959 til 1972, lét setja varanlegt slitlag á allar götur borgarinnar á tíu árum, fékk samþykkt vandað aðalskipulag, reisti íþróttamannvirki og lét leiða hitaveitu í hvert hús, en fram að því var aðeins hitaveita í takmörkuðum hluta bæjarins. Ég tel að enginn borgarstjóri í Reykjavík, fyrr eða síðar, hafi verið þarfari borgarbúum en Geir Hallgrímsson, og á það ekki síst við um þá sem minnst máttu sín.

Nú erum við vöknud

Það er með kreppuna okkar eins og segir í málshættinum: Fátt er svo með öllu illt að ekki boði nokkuð gott. Við höfum fengið til baka margt sem fór



Reiðin er ekki lengur móðins. Hún skilar engu. Auðfundið er að vilji til þess að fullorðnast í þessu efni er að breiðast út.

hagkvæmt, þetta er beinlínis félagslegur ávinningur.

En kannski heyrir þetta til undantekninga. Umferðin er ekki aðeins mikil á þeim tímum sem fólk er á leið í vinnu og heim. Það er oft undarlega mikil umferð í borginni um miðjan dag, þegar maður myndi halda flestir bifreiðaeigendur væru á vinnustað eða í skóla. Eins gott að það er allt malbikað. Það er eitt af því sem við tökum fyrir sjálfsgöðan hlut í dag.

Menn sem munar um

Ég bjó í þrettán ár á Snæfellsnesi áður en leiðin þangað var malbikuð, aðeins nokkrir vegarþútar hér og þar. Ferðir til Reykjavíkur og heim aftur í Volkswagen með börnin aftur í voru ekkert í líkingu við það að skreppa á nesið í dag: Ósléttur malarvegur og ryk sem þyrtaðist um allt í fjóra til sex tíma, allt eftir veðri og árstíð. Þetta var áður en Hvalfjarðargöngin komu til sögunnar, sem stytta þessa leið umtalsvert. Í dag finnst manni akstur um landið vera eins og að sitja í þotu. Algjör veisla. Ingólfur á Hellu

fyrir borð í sveiflunni. Dómgreindin var ekki alltaf upp á sitt besta þegar allt virtist vera hægt. Ekkert ómögulegt. Eftir hrun vikur frá manni sá beygur að áeinir menn séu að eignast Ísland, og að stjórnmalamenn og embættismenn séu í klappliðinu. Líka fólk á götunni, upp að vissu marki. Þetta var að verða eins og sjálfsköpuð dáleiðsla. En nú erum við vöknud. Að vísu eftir vandan draum, en reynslunni ríkari.

Verkefni dagsins er að virkja málefnalega umræðu. Reiðin er ekki lengur móðins. Hún skilar engu. Auðfundið er að vilji til þess að fullorðnast í þessu efni er að breiðast út. Traust er hvorki keypt né selt. Við verðum að sætta okkur við það að þetta verður eins og hver önnur meðganga, sem er ekki endilega auðveld. En hún er þess virði. Traust myndast smám saman og samstaða í kjölfarið, ef vilji er til þess.

Framtíðin er semsagt í okkar höndum. Við skulum fara bjartsýn inn í sumarið, þakklát fyrir góða heilsu, fjölskyldu, góða vini, bæinn okkar, landið okkar – og malbikið!

AF NETINU

Hér þarf bara byltingu

Gera þarf byltingu á Íslandi. Ef einhverjir nenna því, mun ég styðja þá. Hér þarf að afnema alla bankaleynd. Hér þarf að skilgreina fjármál sem opinber mál. Hér þarf að ógilda allar ríkisábyrgðir. Hér þarf að þjóðnýta kvótann, deila honum á byggðir og bjóða út rekstur hans. Hér þarf sólskinslög um, að allar gerðir stofnana og fyrirtækja séu háðar upplýsingaskyldu. Þetta eru atriðin, sem eru í ólagi á Íslandi. Valda því, að bófar stjórna stofnunum og fyrirtækjum. Ríkisstjórnin hefur sannað, að hún bætir ekki þjóðfélagið. Hún er arfur frá spilltum tíma. Burt með hana og burt með allan sexflokkinn.

jonas.is

Jónas Kristjánsson

Illu heppnaðir Íslendingar!

Það er með hreinum ólíkindum hvað Íslendingum hefur tekist að spila illa úr komu sinni hingað til lands. Þetta var aldrei fyrirmyndarríki útlaga sem ekki gátu sætt sig sameinaðan Noreg. Þeir sem fluttu hingað voru þeir sem ekki gátu sætt sig við breytta tíma – vildu áfram fá að vera sjálfstæðir smáhöfðingjar í stöðugum innbyrðis bardögum, sitjandi á stöðugum svikráðum hver við annan. Þjóðfélagsþróunin í Noregi líkt og öðrum löndum álfunnar var í áttina til stærri og skipulagðari ríkja, áttina til þess sem varð og er í dag. Okkar menn viku sér undan þróuninni. Flúðu til fjarlægðrar eyjar og héldu sínum upptekna hætti, börðust innbyrðis á meðan bókmenntafólkið skapaði ódauðleg listaverk um þessa hegðun.

blog.eyjan.is/baldurkr

Baldur Kristjánsson

AÐBÚNAÐUR DÝRA Í ÍSLENSKUM LANDBÚNAÐI

Málþing í Norræna húsinu 26. apríl kl. 20:00

Þörf umræða hefur spröttið upp um slæma meðferð og aðbúnað dýra í íslenskum Landbúnaði. Á málþingi í Norræna húsinu þann 26. apríl verður hægt að fræðast nánar um þessi mál.

DAGSKRÁ:

Sjónarmið neytenda – Linda Pétursdóttir

Ódýr matur, dýrkeypt blekking – Ólafur Dýrmundsson frá

Dýraverndarsamtökum Íslands


Velferð dýra – Íris Lilja Ragnarsdóttir og Sif Traustadóttir

Aðgangur að lífrænu hráefni – Oddný Anna Björnsdóttir

Pallborð effir erindin:

Frummælendur, Kristján Oddsson bóndi á Neðra- Hálsi í Kjós og Geir Gunnar Geirsson frá Stjórnugrís hf.

Allir velkomnir!



SIEMENS

Þú hittir beint í mark með Siemens.

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 • Sími 520 3000
www.sminor.is

Í fangelsi fyrir að vera misnotuð

Afganistan

Ivan Simonovic

aðstoðar-
framkvæmdastjóri SP á
sviði mannréttinda



Síma er fimmtán ára en lítur út fyrir að vera enn yngri. Ég hitti hana í Kabúl á ungkvenna-deild fangelsisins Badam Bagh fyrr í þessum mánuði. Hún segir fátt og hún er döpur til augnanna. Lögmaður segir mér að henni hafi sennilega verið nauðgað.

Hvað hefur Síma gert af sér? Hún afplánar dóm fyrir að hafa flúið heimilisofbeldi. Um það bil helmingur allra kvenna í afgönskum fangelsum hefur framið sama „glæp“. Sumar þeirra eru með börn sín í fangelsinu. Þær yngstu eru ekki eldri en tólf ára gamlar. Fjölskyldur þeirra og samfélög munu sjaldnast taka við þeim aftur eftir fangelsisvistina.

70-80% þvinguð í hjónaband

Ný lög og sjónarmið og þróunaraðstoð hafa fært afgönskum konum nokkra framþróun en nú, tíu árum eftir að talibanar flýðu Kabúl, glíma þær enn við mikinn vanda. Embætti mannréttindafulltrúa Sameinuðu þjóðanna birti nýlega skýrslu um skaðlegar hefðir sem bitna á konum og stúlkum í Afganistan. Um helmingur kvenna giftist fyrir fimmtán ára aldur. Talið er að í 70 til 80% tilvika séu konur þvingaðar í hjónaband. Það er landlægur siður að selja stúlkur eða bjóða þær sem bætur við uppgjör deilumála. Aðeins tólf prósent afganskra stúlkna, 15 ára og eldri, eru læs. Það þarf ekki að koma á

óvart að ofbeldi og misnotkun er algeng.

Afganistan hefur staðfest sáttmálann um upprætingu mismununar gegn konum, en fyrstu skýrslu ríkisins um hvernig staðið hefur verið við hann, hefði átt að skila inn fyrir löngu. Lög um afnám ofbeldis gegn konum voru sett nýlega. Hins vegar er á brattann að sækja með að koma þeim í framkvæmd því konur eru ófúsar til að leita ásjár lögreglu en 99% lögregluþjóna eru karlkyns.

Flótti talinn glæpsamlegur

Hvað geta þær þá gert ef þær sæta misnotkun? Örvilnaðar konur og stúlkur grípa alltof oft til þess óyndisúrræðis að binda enda á líf sitt, sífellt fleiri með því að kveikja í sér. Þeim sem hafa kjark í sér til að hlaupast á brott og leita ásjár fjölskyldna sinna, er oft skilað í hendur sinna brotlegu eiginmanna eða foreldra. Þær sem leita skjóls á heimilum vana eða nágretta eiga yfir höfði sér að vera dregnar fyrir dóm fyrir að ætla sér að fremja zina eða hór-dómsbrot – ólöglegt samræði utan hjónabands. Hvorki er gert ráð fyrir slíkri refsingu í lögum né, segja sérfræðingar mér, er þetta í samræmi við sharia (íslamskan rétt) en þær er krafist vitnisburðar eða sannana. Hér er einfaldlega byggt á fyrimælum hæstaréttar Afganistans.

Eini gríðastaður fórnarlamba er kvennaathvörf sem rekin eru af frjálsum félagsamtökum, en sjálfri tilvist þeirra hefur nú verið ógnað af afgönskum yfirvöldum. Ég heimsótti elsta kvennaathvarfið í Afganistan og ræddi við konur og stúlkur sem hafa leitað þar ásjár. Það var átakanlegt að hlýða

á bænir þeirra um að tryggja áframhaldandi starf athvarfanna enda eru þau þeirra eina skjól. „Ef þessi staður lokar, hef ég engan annan kost en að drepa mig,“ sagði ung kona mér. Ég tók þetta mál upp við Karzai forseta sem fullvissaði mig um að kvennaathvörfum myndi ekki fækka og að hann væri því fylgjandi að ríkisstjórnin stæði fjárhagslega við bakið á athvörfum frjálsum félagsamtökanna.

Konur sitji við samningaborðið

Í síðustu viku samþykkti Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna ályktun um að framlengja veru aðstoðarliðs samtakanna í Afganistan. Ráðið „fordæmir kröftuglega“ áframhaldandi mismununar gegn konum og stúlkum; hvetur til aukinna aðgerða til að tryggja réttindi þeirra og styður starf kvennaathvarfanna. Í ályktuninni er einnig tekið á höfuðvandamálinu: þær sem leita til valdeflingar afganskra kvenna og þess krafist að aukin réttindi kvenna verði snar þáttur í viðleitni til að koma á friði og sáttum.

Skaðlegar hefðir sem bitna á konum munu verða lífseigar ef stúlkur njóta ekki menntunar og ef konur eru ekki hluti af stjórn-málalífinu, opinberri stjórnslu og dómskerfi. Einungis ef konur eru sjálfar viðstaddir og virkar í friðarferlinu, er hægt að tryggja að jafnvel þau takmörkuðu réttindi sem þær hafa aflað sér, verði ekki notuð sem skiptimynt í hrossakaupum.

Ef friður á að vera varanlegur og réttlátur verða konur jafnt sem talibanar að sitja við samningaborðið og taka ákvarðanir sem varða framtíð Afganistans.

Indversk-íslenska

Utanríkismál

Össur Skarphéðinsson
utanríkisráðherra



Indland er meðal þeirra ríkja sem hafa jafnan reynst Íslendingum vel. Sögulega ber hæst drengilegan stuðning Indverja við okkur í þorskastríðunum, þegar Íslendingar færðu út fiskveiðilögsöguna. Við öttum þá kappi við hina sömu og Indverjar höfðu áður undir forystu Mahatma Gandhi og Jawarlah Nehru glímt við um frelsi og sjálfstæði Indlands. Allar götur síðan hafa gagnvegir legið millum þessara tveggja ólíku þjóða.

Stuðningurinn í Icesave

Sterk vinátta Indverja við Ísland birtist okkur í Icesave-deilunni þegar efnahagsáætlun okkar var tekin í gíslingu af Bretum og Hollendingum. Indverjar voru þá í hópi fjarlæggra en öflugra stórþjóða sem utanríkisráðuneytið íslenska fékk til að tala máli Íslands í stjórn Alþjóðdagjaldeyrissjóðsins. Sá stuðningur reyndist ómetanlegur, og verður formlega þakkaður á fundi mínum með indverska utanríkisráðherra í heimsókn minni til Indlands sem nú stendur yfir í boði þarlandra stjórnvalda.

Samskipti þjóðanna hafa vaxið hratt á allra síðustu árum. Það má meðal annars rekja til aukinna tengsla stjórnvalda beggja ríkjanna, en opnun sendiráðanna í Delhi og Reykjavík lagði grunn að framtíðarsamstarfi á fjölmörgum sviðum. Saman hafa stjórnvöld

ríkjanna, ekki síst fyrir tilstilli sendiráðanna, unnið markvisst að því að ryðja úr vegi margvíslegum tálum í viðskiptum þjóðanna. Þau hafa vaxið jafnt og þétt, ekki síst allra síðustu árin.

Indlandi er spáð að verða fjölmennasta ríki veraldar um miðja öldina, með 1,6 milljarða þegna. Á sama tíma er talið að landið verði orðið þriðja mesta efnahagsveldi heimsins, á eftir Kína og Bandaríkjunum. Síðustu áratugi hefur efnahagur Indverja dafnað ár frá ári, einkum fyrir tilstilli Íslandsvinarins Manmohan Singh, en í tíð hans sem fjármálaráðherra hófust miklar efnahagsbætur. Singh er í dag forsætisráðherra Indlands. Kreppa síðustu ára lét Indverja óáreiða og á þessu ári spáir til AGS ríflega 8% hagvexti í landinu. Árangurinn sést á því að á ári hverju færast á milli 10-20 milljónir manna úr sárri fátækt upp í millistéttina.

Fyrir Ísland liggja því miklir möguleikar í að rækta sem nánust og mest tengsl við Indverja á öllum sviðum viðskipta og menningar.

Margvísleg viðskiptafæri

Íslendingar búa yfir margvíslegri tækni sem Indverjar geta nýtt sér. Sérstakir möguleikar liggja á ýmsum sviðum orkumála. Gömul flekamót með jarðhita liggja um stóran hluta Indlands, og bjart-sýnir Indverjar telja mögulegt að búa til 10 þúsund megavött úr jarðhita á 340 stöðum í landinu. Fyrstu indversku námsmennirnir koma síðar á árinu til náms við jarðhitaháskóla SP á Íslandi, og þessa dagana er stefnt að því að ganga frá fyrsta samningnum um litla jarðhitavirkjun. Hún verður

Við erum með réttu

Komdu til okkar eða hafðu samband og við aðstoðum þig við að finna hagstæðustu leiðina.



Ódýrari mínútur

Hringdu á 0 kr. í 1 GSM vin hjá Símanum*

Aðeins 11,9 kr. mín. í alla innanlands

590 kr. mánaðargjald

*1.000 mín./ 500 SMS á mán.



3 vinir og 300 SMS

Hringdu á 0 kr. í 3 vini óháð kerfi* og sendu 300 SMS á alla hina

Eitt mínútuverð óháð kerfi

1.390 kr. mánaðargjald

*600 mín./ 300 SMS á mán. 300 MB á mán. fylgir til áramóta.



6 vinir óháð kerfi

Hringdu á 0 kr. í 6 vini óháð kerfi*

Eitt mínútuverð óháð kerfi

1.990 kr. mánaðargjald - Veldu áskrift eða Frelsi

*Áskrift 1.000 mín./ 500 SMS á mán. Frelsi 60 mín./60 SMS á dag



1000 mínútur

Hringdu á 0 kr. í alla GSM og heimasíma á Íslandi*

Frábær leið fyrir þá sem nota GSM símann mikið

7.990 kr. mánaðargjald

*1.000 mín./ 500 SMS á mán.



Ring

Fyrirframgreidd þjónusta - fyrir þá sem vilja afgreiða sig sjálfir

0 kr. innan Ring 990 kr. mánaðargjald eða

0 kr. innan kerfis Símans 1.990 kr. mánaðargjald*

*1.500 mín./ SMS á mán.

Greidd eru mánaðargjöld og upphafsgjöld skv. verðskrá. Ekki eru greidd upphafsgjöld af simtölum í vinarúmer. Nánar á siminn.is

skapalónið

vonandi einungis hin fyrsta af mörgum. Íslendingar eru þegar byrjaðir að vinna með Indverjum að gerð smávirkjana ofar snjólinu í Himalayafjöllum, stærri verkefni kann að reka í kjölfarið, og áform hafa verið um samstarf á sviði jarðskjálftarannsóknna.

Indverjar eru olíuríki og í framtíðinni vildum við gjarnan eiga við þá samvinnu á sviði olíu- og gasvinnslu við Ísland. Sólarorka er komin á dagskrá Indverja, og til að nýta sólina þurfa þeir búnað úr kísil, og segja sjálfir að hvergi í

hvalreki fyrir hinn þróttmikla og vaxandi kvikmyndaiðnað á Íslandi. Indland er spútník á sviði hugbúnaðariðju og samstarf íslenskra sprota í þeirri grein við indversk fyrirtæki er þegar hafið.

Aukin efni vaxandi millistéttar á Indlandi skapa íslenskum fyrirtækjum jafnframt tækifæri til að setja upp útstöðvar á Indlandi í framtíðinni. Nú þegar hafa ýmsir af vaxtarbroddum íslensks atvinnulífs, einsog Actavis, Prómens og nafni minn Össur, slegið tjaldhælum sínum í indverska jörð.

” Nú þegar hafa ýmsir af vaxtarbroddum íslensks atvinnulífs, eins og Actavis, Prómens og nafni minn Össur, slegið tjaldhælum sínum í indverska jörð.

heiminum yrði jafnhagkvæmt að framleiða búnaðinn og á Íslandi. Þeir kunna öðrum þjóðum betur að leggja fjarSKIPTASTRENGI um höf og óformlegar viðræður hafa verið við þá um lagningu fjarSKIPTASTRENGJA yfir Atlantshaf með gagnaver í huga.

Fjöldi ferðamanna frá Indlandi til Íslands er ennþá lítil, en hefur tvöfaldað á örskömmum tíma. Þar liggja mikil tækifæri, og á fundi mínum og indverska ferðamálaráðherra í vikunni var hann mjög eindreginn í stuðningi sínum við að koma Íslandi á kort hins indverska ferðalangs. Indverjar eru mesta kvikmyndahjón veraldar og Bollywood er að leita sér að nýjum stöðum og nýju landslagi. Samstarf á sviði kvikmynda yrði

Dýrmætt samstarf

Samstarf einsog Íslendingar eiga við Indverja er dýrmætt. Þeir hafa reynt okkur vel, og á alþjóðavettvangi höfum við endurgoldið það með stuðningi okkar við mál sem þá varða. Við erum eitt minnsta lýðræðisríki í heimi, en þeir hið stærsta. Samstarf þjóðanna tveggja speglar vissa ljóðræna fegurð því það dregur upp upp mynd af því hvernig gerólík- ar þjóðir geta hagað samskiptum sínum af gagnkvæmri virðingu þrátt fyrir víðáttumun um stærð, íbúafjölda, menningu og staðsetningu á hnettinum. Í því felst skapalón að því hvernig heimurinn ætti að vera.

Skrifað í Delhí bak páskum.

Rannsóknir og atvinnusköpun í erfðatækni

Samtök íslenskra líftæknifyrirtækja og samtök iðnaðarins efna til málstofu um erfðatækni, notagildi og möguleika til atvinnusköpunar
Grand Hótel Reykjavík 27. apríl kl. 9.00 – 12.00

Dagskrá:

Upphaf erfðatækninnar

Guðmundur Eggertsson, Háskóla Íslands

Plöntukynbætur í fortíð, nútíð og framtíð

Áslaug Helgadóttir, Landbúnaðarháskóli Íslands

Erfðatækni í matvælaframleiðslu

Helga M. Pálsdóttir, Matvælastofnun

Erfðatækni í lyfjaframleiðslu

Einar Mäntylä, ORF Líftækni

Erfðatækni sem rannsóknatæki

Ólafur S. Andrésson, Háskóla Íslands

Erfðatækni og umhverfi

Arnar Pálsson, Háskóla Íslands

Pallborð

Fundarstjóri: Þorsteinn G. Gunnarsson, KOM almannatengsl

Fundurinn er opin og aðgangur ókeypis.

Skráning á www.si.is



Samtök iðnaðarins - www.si.is



leiðina fyrir þig



Stærsta og hraðasta 3G dreifikerfi landsins

Vinir óháð kerfi, bæði í Frelsi og áskrift

Risa mínútupakki fyrir stórnotendur

Þú færð meira hjá Símanum!

Magnaðir miðvikudagar fyrir viðskiptavinum Símans

0 kr. innan fjölskyldu og í heimasímann

Vertu með vinina á 0 kr.

Yfirsýn yfir alla þjónustu á þjónustuvefnum

Það er Síminn



40 EVA MARÍA JÓNSDÓTTIR dagskrárgerðarmaður er 40 ára „Maður verður að orða hvað það er sem maður vill, til að fá það.“

Merkisatburðir

- 1478** Flugmenn Pazzi-fjölskyldunnar ráðast á Lorenzo de' Medici og drepa bróður hans, Giuliano, í hátíðarmessu í dómkirkjunni í Flórens.
- 1834** Ofsaveður brestur á í Faxaflóa og farast þar 42 menn af tveimur skipum og 14 bátum.
- 1944** Við Tjarnargötu í Reykjavík finnst gamall öskuhaugur þegar tekinn er grunnur að nýju húsi. Í haugnum finnst bein margra dýra, meðal annars svína og geirfugla. Talið er að hér hafi öskuhaugur Ingólfs Arnarsonar fundist.
- 1966** Akrahöfð fer sína síðustu ferð til Borgarness.
- 1978** Kvikmyndasjóður Íslands er stofnaður.
- 1986** Kjarnakljúfur í Tsjernobyl í Úkraínu springur.
- 1991** Sorpa er formlega tekin í notkun.

AFMÆLI



UNNUR STEINSSON, fyrrverandi fegurðardrottning er 48 ára



RÍKHARÐUR DABASON, fyrrverandi landsliðsmaður í knattspyrnu er 39 ára



Ástkær faðir minn, tengdafaðir, afi og langafi,

Jónas Valdimarsson

Kleppsvegi 62, áður til heimilis að Rauðalæk 23, Reykjavík,

sem lést laugardaginn 9. apríl, verður jarðsönginn frá Laugarneskirkju miðvikudaginn 27. apríl kl. 11.00.

Valdemar Steinar Jónasson
Hrafnkell Tjörvi Stefánsson
Arndís Reynisdóttir
Hrólfur Þór Valdemarsson
Hilda Valdemarsdóttir
Steinar Smári Hrólfsson
Þóra Dís Hrólfsdóttir

Unnur Kristinsdóttir
Davíð Nól Jógvansson
Valdís Karen Smáradóttir
Birgir Már Björnsson



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Guðbjörg Þórhallsdóttir

áður til heimilis að Kirkjuvegi 1, Keflavík,

sem lést á Hjúkrunarheimilinu Hlévangi þann 15. apríl síðastliðinn, verður jarðsönginn frá Keflavíkurkirkju miðvikudaginn 27. apríl kl. 15.00.

Þórdís Þormóðsdóttir
Úlfar Þormóðsson
Hrönn Þormóðsdóttir
Logi Þormóðsson
Anna Björg Þormóðsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Karl Steinar Guðnason
Anna Kristín Arngrímsdóttir
Hallbjörn Sævars
Erling Kristinsson



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

Sigurður Sturluson

frá Pverdal, Aðalvík, Faxabraut 13-15, Keflavík,

lést á Hjúkrunarheimilinu Hlévangi föstudaginn 15. apríl. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju miðvikudaginn 27. apríl kl. 13.00.

Kolbrún Sigurðardóttir
Jóhanna Guðrún Sigurðardóttir
Hansína Sigurðardóttir
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.

Pétur Jónsson

PETTA GERÐIST 26. APRÍL 1977

Hið fræga diskótek Stúdíó 54 opnað

Stúdíó 54, eitt frægasta diskótek allra tíma, var opnað með pomp og prakt í New York 26. apríl 1977. Opunarhófið var hið glæsilegasta og þar mátti sjá stjórn eins og Mick og Biöncu Jagger, Cher, Salvador Dalí, Lizu Minelli, Debbie Harry og Michael Jackson. Svo eftirsótt var að komast í teitið að stórstjórnnum eins og Warren Beatty, Woody Allen, Diane Keaton og Frank Sinatra var ekki hleypt inn þar sem þær mættu of seint.

Staðurinn varð fljótt feikivinsæll meðal þotuliðs New York-borgar og þótti enginn maður með mönnum nema vera fastagestur þar. Hann fékk þó fljótlega það orð á sig að þar væri stundað villt líferni



Gómorru nútímans". Warren Beatty, Woody Allen, Diane Keaton, og Frank Sinatra voru meðal gesta það kvöldið og hringnum var lokað.

og áður en mánuður var liðinn lokuðu yfirvöld staðnum vegna skorts á vínveitingaleyfi. Opnað var strax kvöldið eftir, en án vínveitinga. Í desember 1978 var gerð húsrétt á staðnum vegna gruns um sölu ólöglegra fíkniefna og peningabætti og eigendurnir hnepptir í varðhald.

Vegna þessara árekstra við yfirvöld varð staðurinn ekki langlífur og var honum lokað 4. febrúar 1980. Lokapartíð var undir yfirskriftinni „Endalok



Í STJÓRN EUA „Þetta vikkar minn reynsluheim í háskólastefnumótun,“ segir dr. Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands, um starfið í stjórn Samtaka evrópskra háskóla.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

DR. KRISTÍN INGÓLFSSDÓTTIR HÁSKÓLAREKTOR: KJÖRIN Í STJÓRN EUA

STYRKIR MIG TVÍMÆLALAUST Í MÍNU STARFI VIÐ HÁSKÓLANN

„Það má segja að þetta sé mjög áhugavert vegna þess að þarna kemst maður í nán tengsl við alla stefnumótun og vísindastarf í háskólum í Evrópu,“ segir dr. Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands, sem hefur verið kjörin í stjórn Samtaka evrópskra háskóla (EUA) til næstu fjögurra ára.

Aðild að samtökunum eiga 850 háskólar í 46 þjóðlöndum og eru samtökin helsti samvinnu- og samráðsvettvangur evrópskra háskóla. Kristín segist fastlega reikna með því að þetta skapi aukin tækifæri fyrir nemendur og kennara Háskólans, þar sem eitt af markmiðum samtakanna sé að efla samstarf milli evrópskra háskóla bæði hvað varðar hreyfanleika stúdenta og að efla vísindin og vísindasamstarf. „Á undanförunum árum hafa samtökin beitt sér mjög fyrir því að svokallað Bologna-ferli sé innleitt í evrópskum

háskólum,“ segir Kristín, „en það felur í sér að samræma uppbyggingu háskólanáms þannig að fyrst séu þrjú ár í BA-námi, síðan tvö ár í masters-námi og loks þrjú ár í doktorsnámi. Þessu vorum við Íslendingar mjög fljót að aðlagast og ferlið er langt komið í Evrópu, sem gerir nemendum auðvelt að fara á milli háskóla. Einnig hefur einingamat milli háskóla verið samræmt, sem gerir það enn auðveldara að færa sig um set.“

Þú talar um hversu hagkvæmt þetta sé fyrir stúdenta en hvað með kennara og vísindamenn, njóta þeir góðs af þessu samstarfi? „Já, þetta auðveldar kennurum að fara á milli líka. Þetta kemur einnig til góða fyrir vísindamenn, til dæmis varðandi sameiginlegar doktorsgráður, en þá fær nemandinn leiðsögn frá kennurum við tvo háskóla og ver hluta af sínum tíma hér og hluta

af tímanum við einhvern háskóla í Evrópu og útskrifast síðan frá báðum skólunum. Nemandinn græðir þannig gífurlega mikið og kennararnir líka vegna þess að þetta þéttir þeirra samstarf.“

Valnefnd á vegum samtakanna leitaði til Kristínar um að mega tilnefna hana til stjórnarkjörs en hún segist ekki hafa átt von á því að vera kosin, bæði vegna þess að í kjöri hafi verið aðilar frá mun stærri háskólum og eins vegna þess að Norðurlöndin hafi átt fulltrúa í stjórninni fyrir. En hefur kjörið einhverja þýðingu fyrir hana persónulega? „Já, ég tel að þetta styrki mig tvítmælalaust í mínu starfi hér. Þetta vikkar minn reynsluheim í háskólastefnumótun og ég fæ frá fyrstu hendi upplýsingar um hvað er að gerast í háskólamálum og stefnumótun í Evrópu varðandi vísindi og háskólamenntun.“

fridrikab@frettabladid.is

Hvað er femínismi í dag?

Femínistafélag Íslands blæs til fundar í dag í Friðarhúsinu á Njálsgötu 87 klukkan 20.

Þessi fundur verður sá síðasti á þessu starfsári félagsins og af því til efni er meiningin að líta í eigin barm. Umfjöllunarefnið að þessu sinni verður því staða jafnréttismála og femínisma á Íslandi.

Framsögumenn á fundinum verða Þorgerður Einarsdóttir, prófessor í kynjafræði, Katrín Anna Guðmundsdóttir, verkefnastjóri í kynjafræði hagsstjórn, Kristín Svava Tómasdóttir, ljóðskáld og femínisti, og Auður Tinna, menntaskólanemi og Gettu

betur þátttakandi. Að erindum loknum verða umræður um stöðu jafnréttismála í dag. Umræðuefnin verða: Femínismi, hvað er það í dag? Hvar eru helstu áttakalínurnar og hvert stefnumótun? Hvers konar femínisma kallar samtíminn á?

Felst lausnin í femókrötum og stofnanavæðingu jafnréttishugmynda eða í grasrótastarfi og róttækum aðgerðum? Er krafan um höfðatölujafnrétti úrelt eða nauðsynleg mælistika á jafnrétti?

Þeir sem hafa áhuga á að koma og starfa með félaginu eru sérstaklega hvattir til að koma á fundinn. -fsb



PRÓFESSOR Meðal frummælenda á fundi Femínistafélagsins er Þorgerður Einarsdóttir, prófessor í kynjafræði.

FRÉTTABLAÐIÐ/ GVA

Harðsperrur tengjast ekki mjólkursýrumyndun í vöðvafrumum eins og margir halda. Harðsperrur eru afleiðing skemmda sem verða í vöðvum þegar álag er á þeim. Teygjur og léttar æfingar eftir átök draga úr harðsperrum, líklega vegna þess að þær auka blóðflæði til vöðva.



ALLT

Sölufulltrúi: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473

FRÉTTABLAÐIÐ

NÁMSAÐSTOÐ

Vantar þig aðstoð í einhverri námsgrein?

Íslenska – stærðfræði – enska – danska – efnafræði - lestur
eðlisfræði – þýska – franska – spænska – stafsetning o.fl
Öll skólastig - Réttindakennarar

Nemendapjónustan sf • www.namsadstod.is • s. 557 9233

GLÆSILEGUR - SAUMLAUS



Misty - fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 3366

Opið mán.-fös. 10-18. Lau. 10-14.

Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.

www.misty.is

Vertu vinur

teg. DECO - nýr litur í D,DD,E,FFF,G
skálum á kr. 8.850



Eirberg

Verð 32.750 kr.

Withings WiFi vogin

- Fyrir allt að 8 notendur
- Skynjar hver notandinn er
- Skráir þyngd, fituhlutfall og vöðvamassa
- Þráðlaus samskipti við tölvu og snjallsíma
- Fæst í hvítum lit eða svörtum

Opið virka daga kl. 9 - 18 og á laugardögum kl. 11 - 16

Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is



GÆÐAFISKUR

ÍSLENSK FÆÐUBÓT
BITAFISKUR
-næring fyrir líkama og sál



Söluastaðir:

10 - 11, Inspired í Flugstöðinni, Samkaup, Nettó, Kaskó, Fjarðarkaup, Skeljungsbúðirnar, Olís, N1, Kaupfélag V- Húnavtinga, Kaupfélag Skagfirðinga, Verzlunin Vísir, Bláa lónið, Hreyfing, Krambúðin, Fiskbúðin Freyja, Melabúðin.

Edda Gunnarsdóttir (77) og Konráð Adolphsson (79) eru með sjö hesta á húsi og fara daglega á bak.

Alltaf að leika sér

Hestamennskan heldur okkur ungum, enda er maður alltaf að leika sér þegar maður er á hestbaki," segir Edda Gunnarsdóttir, sem hefur stundað hestamennsku með eiginmanni sínum Konráð Adolphssyni í fjörtíu ár. „Ég var reyndar alltaf í sveit á sumrin á Gunnarshólma og fékk þínu hestadellu þá. Það var hins vegar ekki fyrr en í kringum 1970 þegar við komum heim úr sjö ára dvöl í Bandaríkjunum að við ákváðum að fara út í hestamennsku," segir Edda.

Fyrstu árin var hestamennskan smá í sniðum og fjöl-

skyldan reið út í Gunnarshólma um helgar. „Fyrir ellefu árum, þegar Konráð hætti að vinna, keyptum við okkur síðan hesthús í Herði í Mosfellsbæ," segir Edda, en hestabúskapur þeirra hefur vaxið og dafnað síðan.

„Við eigum þrettán hesta hús en erum með sjö hesta inni svo það er vel rúmt um þá," segir Edda, en þau hjónin fara á hestbak daglega, fara í langar hestaferðir á sumrin og sækja reglulega reiðnámskeið. „Við förum jafnvel oft á vetri enda stundum með nýja hesta sem maður þarf að læra á. Maður er alltaf að bæta sig," segir Edda glaðlega.

solveig@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Stuðningsstöngin

LÉTTU ÞÉR LÍFIÐ

Yfir 4000 notendur á Íslandi síðan 1999

Stuðningsstöngin er hjálpar- og öryggistæki sem auðveldar fólki að vera virkt og athafnasamt við daglegt líf án þess að þurfa að reiða sig á aðra. Margir lúþjálfa, sjúkrapjálfa og læknar hafa mælt með stuðningsstöngunum fyrir sína skjólstæðinga.

- Auðveld í uppsetningu.
- Engar skrúfur eða boltar.
- Tjakkast milli lofts og gólfs.
- Hægt að nota við hallandi loft, timbur/gíflöft og mikla lofthæð.

Vilji
vilji.is

...léttir þér lífið

Sími 856 3451 • www.vilji.is

- Margir aukahlutir í boði.
- Falleg og nútímanleg hönnun.
- Passar allstaðar og tekur lítið pláss.
- Viðurkennd af Sjúkratryggingum Íslands, hjálpartækjamiðstöð.

Stuðningsstangirnar hafa fengið verðlaun fyrir notagildi, öryggi og hönnun á alþjóðlegum hjálpartækjasýningum í USA.



Breytingaskeið kvenna er það tímabil þegar hormónaframleiðsla eggjastokka fer að verða óregluleg og minnka þar til hún hættir að mestu. Tíðahvörf eru þegar síðustu blæðingar verða. Breytingar á blæðingum eru oft fyrstu einkenni sem konur finna um að tíðahvörf séu að nálgast.



Reiki

Heilunar- og sjálfstyrkingarnámskeið RVK

FYRIR BÆTTA LÍÐAN OG BETRI STJÓRN Á LÍFI ÞÍNU

Kvöld- og helgarnámskeið í boði, næstu námskeið eru:

I. stig helgarnámskeið
30. apríl–1. maí

II. stig kvöldnámskeið
9., 10. og 12. maí

Pantanir óskast staðfestar.



Guðrún Óladóttir
reikimeistari og hómópati
Pantanir í síma 553 3934,
milli kl. 10 og 13 virka daga.

GRÆNN APRÍL


Margt felst í grænum lífsstíl en þó aðallega viðhorfsbreyting. Með því að hugsa og framkvæma sömu hlutina og



áður, bara á aðeins öðruvísi máta, verður útkoman allt önnur.

www.

grennapril.is



Með takmörkun svefns er hægt að auka svefnþörf og bæta svefn.

Meðferð við svefnvanda

Íslendingar eiga Norðurlandamet í svefnlyfjanotkun en með hugrænni atferlismeðferð má ná góðum tókum á vandanum.

Talið er að tíu til fimmtán prósent manna þjáist af þrálátum og hamlandi svefnerfiðleikum. Margir halla sér að svefnlyfjum þegar þannig stendur á og er svefnlyfjanotkun hér á landi sú mesta á Norðurlöndunum. Hins vegar eru til önnur og skynsamlegri meðöl þegar til lengri tíma er lítið.

Hjá Kvíðameðferðarstöðinni er hugrænni atferlismeðferð beitt. Þær aðferðir hugrænnar atferlismeðferðar sem mest eru notaðar við svefnleysi eru takmörkun svefns, áreitisstjórnun, ráð um svefnvæn- an lífsstíl, endurskoðun neikvæðra hugsana og slökun,“ segir Sóley Dröfn Davíðsdóttir, sálfræðingur hjá Kvíðameðferðarstöðinni. Hún segir þá sem glíma við svefnleysi fara að hafa áhyggjur af svefnleysinu og óttast að svefnleysið geti haft alvarleg áhrif á heilsu en rannsóknir á þátttakendum sem sviptir hafa verið svefni svo sólarhringum skiptir hafa ekki sýnt fram á það. Þá standa menn sig svipað og aðrir í krefjandi verkefnum en geta orðið áhugalausari og viðbragsseinni sem raunar getur reynst hættulegt í akstri. Þegar fólk veit þetta minnka oft áhyggjurnar af svefnleysinu,“ segir Sóley. Hún segir að vitanlega verði fólk verr upp lagt en að það sé ekki hættulegt.

Með takmörkun svefns er gengið út frá því að því lengur sem fólk sé án svefns þeim mun meira knýjandi verði þörfin til að sofa. Lykillinn til að bæta svefninn er því að skerða hann. Sóley segir fólk með svefnerfiðleika yfirleitt bregðast öfugt við og reyna að næla sér í

svefn við hvert tækifæri. „Það leggur sig á daginn, reynir að sofa fram eftir og dvelja meira í rúminu en það eykur bara á vandanum.“

Í upphafi meðferðar er fólk beðið um að taka saman hvað það hafi sofið að meðaltali í síðustu vikur og sofa klukkutíma skemur í einhvern tíma. „Áður en langt um líður verður svefnþörfin knýjandi og viðkomandi nær djúpri og samfelldari svefni og þá má fara að lengja svefnin á ný. „Mikilvægasti svefninn er draum- og djúpsvefn en þegar við sofum illa eina nótt eyðum við meiri tíma í djúp- og draumsvefni þá næstu. Líkaminn er því fljótur að stilla sig af,“ segir Sóley. Þegar kemur að áreitisstjórnun segir hún mikilvægt að gera ekkert annað en að sofa í svefnherberginu. „Þá er best að fjarlægja allar klukkur úr herberginu enda eykur það bara á vandanum að vita hvað klukkan slær.“

Sóley segir hugræna atferlismeðferð við svefnleysi virka vel en svefnlyf geti verið góð til skamms tíma ef fólk er í krísu eða líður mjög illa. „Svefnlyf hafa hins vegar sjaldnast svefnbætandi áhrif til langs tíma þar sem fólk myndar þol fyrir lyfjunum. Fólk er ekki að fást við orsök vandans með því að taka lyf og fær oft þá hugmynd að það geti alls ekki sofið án lyfjanna. Þá geta sum svefnlyf gert fólk sljótt og viðbragðsseint daginn á eftir, sem eykur slyshættu, sérstaklega meðal eldra fólks. Svefnlyf geta auk þess haft áhrif á uppbyggingu svefns og sum dregið úr draum- og djúpsvefni.“

vera@frettabladid.is

SADDUR ÁN SAMVISKUBITIS



Burrito 1.190



Tacos 1.340



SantaFe salat m.kjúkling 1.390



Suðurlandsbraut 4a
533 1033 www.culiacan.is

nettoline
ELDHÚS-BAD-ÞVOTTAHÚS-FATASKAPAR

25% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM INNRETTINGUM OG 10% AÐ AUKI SÉ GREITT Í EINU LAGI VIÐ PÖNTUN

friform.is Mán. - Fst. kl. 09-18 Laugardaga kl. 11-15

Friform
Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500

ÍSLENSKT HUNDANAMMI

gott í þjálfun og í leik

VINSÆL VARA

SUPERPREMIUM HUNDANAMMI

Training treats for Dogs

Fæst í Bónus, Samkaup, 10-11, Fjarðarkaup og Inspired Keflavíkurflugvelli

Viltu breyta mataræðinu til batnaðar á einfaldan og öfgalausan hátt?

INGA KRISTJÁNSDÓTTIR næringarþerapisti D.E.T. kennir ykkur hve einfalt það getur verið að bæta mataræðið og hvaða ráð hún hefur til þess.

Þriðjudaginn 3. maí kl. 19:30
Þriðjudaginn 17. maí kl. 19:30



PETTA ER EKKI FLÓKID! Inga er búin að halda yfir 40 fyrirlestra um efnið enda nálgunin einföld, skýr og hentar öllum sem áhuga hafa á breyttum lífsháttum.

FARIÐ VERÐUR MEÐ EINFÖLDUM HÆTTI YFIR:

- Hverju er hægt að skipta út og hvað kemur þá í staðinn
- Hvernig hægt er að þekkja muninn á holtri og skaðlegri fitu
- Hvernig þú getur haldið fullri orku allan daginn og losnað við sykurþörf og þreytuköst

Staður og stund: Heilsuhúsið Lágmúla 5, kl. 19:30 - 22:00

Innifalið er mappa með uppskriftum og fróðleik. Verð: 4.400 kr. Nánari upplýsingar og skráning í síma 8995020 eða á eig@heima.is



www.heilsuhusid.is

Er sláttuvélin í stofunni? Vantar þig bílskúr?

Við seljum fyrir þig og finnum handa þér hentugri eign með bílskúr!

LANDMARK

FASTEIGNASALA

Kíktu inn á www.landmark.is!

Þú hringir, við sjáum um rest **512 4900**

RE/MAX

RE/MAX LIND
Þórarinn Jónsson hdl.
Lögfr. - Fasteignir og atvika

Matvörubúð/ Heildsala / Veitingastaður

Spennandi fyrirtæki með eigin innflutning á vörum tengdum matvælum. Frábær samnýting á starfsfólki í verslun, heildsölu og veitingastað sem er opinn yfir miðjan daginn. Virkilega flottur hagnaður af einföldum rekstri.

Vegna sérstakra ástæðna er kaupverð sérlega hagstætt.

Hafðu samband

S: 6614080/ 5107919



Þórarinn Jónsson hdl
Lögg. Fasteignasali
thorarin@remax.is

Vesteinn Gauti Hauksson
Löggiltur verðbréfamíólari
vestein@remax.is



Útsýni yfir sjó og höfn

Fasteignamarkaðurinn ehf. hefur til sölu fallega og vel skipulagða þriggja herbergja íbúð við Fjarðargötu.

Íbúðin er 117,6 fermetrar á þriðju hæð í vönduðu fjölbýlishúsi með lyftu.

Komið er inn í parketlagða forstofu með fataskápum. Inni af forstofu er flísalögð geymsla með hillum.

Herbergin eru tvö, rúmgóð, parketlögð og með fataskápum. Baðherbergi er með glugga, flísalagt í gólf og veggi með innréttingum. Bæði baðkar og sturtuklefi eru í baðherberginu. Þvottaherbergi er í

íbúðinni sem er flísalagt með hillum og vaski. Stofur eru stórar, parketlagðar og bjartar með útgangi á stórar flísalagðar svalir til suðausturs. Fallett útsýni er úr stofum og af svölum út á sjóinn.

Eldhúsið er rúmgott, flísalagt og með fallegum innréttingum og flísum á milli skápa. Tengi er fyrir uppþvottavél í eldhúsi og rúmgóð borðaðstaða með útsýni á sjóinn og höfnina.

Á jarðhæð hússins er sameiginleg hjólageymsla og sameiginleg dekkjageymsla. Húsið er í góðu ástandi að utan og sameign til fyrirmyndar. Upphitaðar stéttir eru fyrir framan húsið og aðkoma er mjög góð. Verð: 31,9 milljónir.

STÆRSTI HÚSNÆÐISVEFUR LANDSINS

Fasteignir.is er stærsti og itarlegasti húsnæðisvefur á Íslandi.

- Eini vefurinn með allar sölueignir á skrá
- Fjölbreyttar upplýsingar í boði fyrir kaupendur og seljendur
- Góð ráð og aðstoð við leigu á íbúð.

Þú finnur draumæðnina þína á Fasteignir.is.

Ótrúlegt úrval íbúða til sölu eða leigu!

VÍSIR.IS
...ég sé það á Vísi



heimili

FASTEIGNASALA



Bogi Pétursson
lögg. fasteignasali



Finnþógi Hilmarsson
lögg. fasteignasali



Andri Sigurðsson
lögg. leigumiðlari

Sími 530 6500

Opið mán.-fös. frá kl. 9-17

Finnþógi Hilmarsson og Bogi Pétursson löggiltir fasteignasalar

Vantar eignir á söluskrá



Ásakór - 2ja ásamt bílskýli.
Mjög góð 63,7 fm 2ja herbergja íbúð á 1.hæð ásamt stæði í bílskýli (1 og 1/2 stæði) í Kópavoginum. Sér afgirt verönd í suður. V 18,9 m.



Bugðulækur - vel skipulögð.
Falleg 81,4 fm 3ja herbergja íbúð á jarðhæð / kj. með sérinnangi á eftirsóttum stað. V 18,9 m.



Fjallalind - gott parhús.
Parhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr. Nýleg málað og nýleg gólfefni á neðri hæð. Fjögur svefnherbergi, sjónvarpsstofa og stofa og fallegur bakgarður. V. 50,0 m.



Klukkuvellir - hagstætt verð.
Erum með fjögur raðhús á Klukkuvöllum Hafnarfirði. Húsin eru 221,3 fm, þar af 27,3 fm bílskúr. Afhendast fullbúin að utan, fokheld að innan. V 25 m -26 m.



Haukdælbraut - parhús.
Nýtt 175 fm parhús á einni hæð með innbyggðum 35 fm bílskúr. Einstök staðsetning í jaðri byggðar við ósnerta náttúruna. Afhendist tilbúið til innréttinga og jafnvel fullbúið.



Hátún - sérhæð.
Góð 110 fm miðhæð í þrjúbýlishúsi. Tvö - þrjú svefnherbergi og stórar stofur. Garður í góðri rækt, sólpallur. Gott hús, laus til afhendingar. V. 25,0 m



Hjarðarhagi - 107 Rvk.
Mjög rúgmóð 91,8 fm 3ja herbergja íbúð á 1. hæð í fallegu endurnýjuðu fjölbýlishúsi á frábærum stað í Vesturbænum. V 23,9 m.



Arnarborg - sumarhús.
Vandað vel staðsett sumarhús við Stykkishólm. Eignin er skráð 94,7 fm að stærð og byggingarár 2006. Húsið stendur á ca 4000 fm lóð.



Jöklael - 3ja með bílskúr.
Um er að ræða 3ja herbergja 85,6 fm íbúð á 1. hæð ásamt 25,6 fm bílskúr. V 23 m.



Kaldakinn - einbýli.
Mjög fallegt 132,3 fm einbýlishús á einni hæð í Hafnarfirði. Fallegur garður með sólpöllum og geymsluskúr. Þrjú svefnherbergi. V 38,7 m.




Selbrekka - Kópavogi.
Mikið endurnýjað 230 fm einbýlishús með 2ja herbergja aukaíbúð á neðri hæð. Nýlegar innréttingar og gólfefni, raf- og pípulagnir. Góður bakgarður, sólpallur með heitum potti.



Stíflusel - gott verð.
Sérlega falleg og vel umgengin 113,1 fm 4ra herbergja íbúð á 2. hæð í góðu fjölbýli. V 19,9 m.



Suðurbraut - Hfj.
Mjög góð 91,9 fm 3ja herbergja íbúð á 4. hæð í 4ra hæða fjölbýlishúsi í Hafnarfirði. V 16,2 m.



Hraunbær - 5 svefnherbergi.
Góð 120 fm íbúð með fjórum herbergjum innan íbúðar og auka íbúðarherbergi í kjallara. Tilvalið til útleigu. V. 21,9 m.

FOLD

FASTEIGNASALA

Laugavegi 170, 2. hæð • Opið virka daga kl. 9:00-17:00
Sími 552 1400 • Fax 552 1405 • www.fold.is • fold@fold.is

Viðar Böðvarsson viðskiptafræðingur og löggiltur fasteignasali
Þjónustusími sölumanna eftir lokun 694 1401

Einbýlis - og raðhús



Einbýli Neshömrum Grafarvogi
Ca. 183 fm. fallegt einbýli á einni hæð á rólegum og góðum stað v. Neshamra í Grafarvogi. 4 svefnherbergi, góður pallur og mjög fallegur garður.
Skípti möguleg á minni eign.



Kambasel-raðhús
Mikið endurnýjað og einstaklega smekklegt raðhús á rólegum stað. Allt að 5 svefnherbergi. Góður pallur.
